

Tilraunaverkefni

Þjóðskjalasafns Íslands og menntamálaráðuneytisins
um skil á rafrænu skjalavörslukerfi
til langtíma vörslu í Þjóðskjalasafni

Skýrsla

Þjóðskjalasafn Íslands
Menntamálaráðuneytið

September 2009

Efnisyfirlit

1. Inntak verkefnis og meginniðurstöður	4
2. Inngangur	5
2.1 Forsaga.....	6
2.2 Aðferðafræðin.....	7
3. Markmið.....	8
4. Rammi og framvinda verkefnisins.....	8
4.1 Starfsmenn verkefnisins	9
5. Gerð vörsluútgáfu mála og tilheyrandi skjala úr GoPro	9
6. Prófanir á vörsluútgáfu hjá Þjóðskjalasafni	10
7. Verkáætlun og annar kostnaður	10
8. Niðurstöður	13
8.1 Mat á gögnum til afhendingar	13
8.2 Umbreyting gagna í myndir.....	13
8.3 Mat á vörsluútgáfu gagna menntamálaráðuneytis	15
8.4 Forrit og búnaður	16
8.5 Framvinda verkefnisins	17
8.6 Ný verkefni hjá menntamálaráðuneytinu	18
8.7 Ný verkefni hjá Þjóðskjalasafni.....	19
8.8 Ný verkefni hjá hugbúnaðarframleiðendum.....	19
8.9 Markmiðum náð í tilraunaverkefni menntamálaráðuneytisins	20
9. Fylgiskjöl	22
Fylgiskjal nr. 1.....	23
Fylgiskjal nr. 2.....	24
Fylgiskjal nr. 3.....	25
Fylgiskjal nr. 4.....	28
Fylgiskjal nr. 5.....	29
Fylgiskjal nr. 6.....	30
Fylgiskjal nr. 7.....	31
Fylgiskjal nr. 8.....	33
Fylgiskjal nr. 9.....	38
Fylgiskjal nr. 10.....	42
Fylgiskjal nr. 11.....	44
Fylgiskjal nr. 12.....	53
Fylgiskjal nr. 13.....	55
Fylgiskjal nr. 14.....	56

Fylgiskjal nr. 15.....	58
Fylgiskjal nr. 16.....	60
Fylgiskjal nr. 17.....	66

1. Inntak verkefnis og meginniðurstöður

Verkefnið snerist um að færa gögn úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins til vörslu í Þjóðskjalasafni Íslands. Skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins heldur utan um málaskrá og málafn ráðuneytisins, m.a. innkomin og útsend erindi, vinnuskjöl, nefndagögn og gögn er varða verkefni og meðferð mála. Ráðuneytið er eins og aðrar stofnanir ríkisins skilaskyld til Þjóðskjalasafns og var valið til þess að prófa aðferðir Þjóðskjalasafns við langtímavörslu rafrænna gagna. Farið var í verkefnið með það markmið að fá reynslu og þekkingu á þeim reglum sem Þjóðskjalasafn ætlar að setja um skil á rafrænum gögnum. Verkefnið skyldi einnig varpa ljósi á hvaða vinnuferlar og verkefni verða til hjá þessum aðilum vegna skila og móttöku á rafrænum gögnum.

Í skýrslu þessari verður farið ítarlega yfir framkvæmd verkefnisins og niðurstöður þess. Þær verða notaðar til áframhaldandi eflingar á því starfi sem Þjóðskjalasafn hefur hafið vegna móttöku á rafrænum gögnum. Greint verður frá tilkomu verkefnisins og þeirri aðferðafræði sem Þjóðskjalasafn notar við móttöku rafrænna gagna og hvaðan hún er fengin. Þá er fjallað um markmið og ramma verkefnisins og greint frá meginviðfangsefninu, þ.e. gerð vörsluútgáfu hinna rafræna gagna, sem er afhendingareintak til Þjóðskjalasafns, og prófunum á vörsluútgáfu. Fjallað verður um verkáætlun og kostnaðaráætlun verkefnisins og endanlegan útlagðan kostnað þess. Að endingu er gerð ítarleg grein fyrir margþættum niðurstöðum sem fengust með framkvæmd verkefnisins, m.a. með umfjöllun um framvindu þess og ný verkefni sem munu falla til hjá menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafni og hugbúnaðarframleiðanda. Einn aðili gerði sérstaka greinargerð vegna verkefnisins og er það birt sem fylgiskjal nr. 1.

Meginniðurstöður og lærdómur sem draga má af framkvæmd verkefnisins eru eftirfarandi:

1. Að búa til vörsluútgáfu úr mála- og skjalavörslukerfi, eins og kerfi menntamálaráðuneytisins, var tæknilega flóknara en gerð vörsluútgáfu af gagnagrunni. En kerfi ráðuneytisins byggir á Lotus Domino sem er skjalagagnagrunnur en ekki venslaður grunnur. Sjá nánar tilraunaverkefni um gerð vörsluútgáfu gagna úr gagnagrunni sem unnið var með embætti ríkisskattstjóra í kafla 2.
2. Reglur Þjóðskjalasafns miða við að gögn úr skjalavörslukerfum séu að jafnaði tekin út úr þeim og afhent í vörsluútgáfu til safnsins á fimm ára fresti eða þegar skjalavörslutímabili lýkur. Þess vegna var í verkefninu gert ráð fyrir að taka skjöl til vörslu frá sem næst einu skjalavörslutímabili, þ.e. reynt var að taka skjöl frá tilteknum fjórum árum (sjá kafla 8.1). Niðurstaðan var að ekki reyndist unnt að taka eldri gögn en frá yfirstandandi ári vegna umfangs og tæknilegra erfiðleika. Ágætis árangur reyndist hinsvegar vera við skil á gögnum þessa árs (2009). Ákveðnar breytingar á GoPro skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins eru nauðsynlegar til að það styðji við þær kröfur sem koma fram í reglum Þjóðskjalasafns um varðveisluform¹ skjala um lengri eða skemmri tíma. GoPro hefur skuldbundið sig til þess að gera þær breytingar sem þarf á kjarna GoPro kerfisins.
3. Flóknasti tæknilegi hlutinn var að umbreyta gögnum yfir á það form sem reglur Þjóðskjalasafns um vörsluútgáfu segja til um. Einfalda þarf verkferlið við umbreytingu gagna í kerfinu þannig að gagnaumbreyting eigi sér stað eins fljótt og kostur er og ekki sé beðið með þessa breytingu þar til skil eiga að fara fram. Miða verður við að skjöl og önnur gögn séu tekin til vörslu frá og með þeim tíma þegar kerfin og verkferlar hafa

¹ Hér er form notað til að vísa í það snið sem gögnin birtast í, einnig er *birtingarform* notað.

verið aðlöguð kröfum Þjóðskjalasafns um gerð vörsluútgáfu og hafa verið samþykkt af Þjóðskjalasafni.

4. Nokkrir erfiðleikar komu fram við að koma gögnum á það snið/form sem Þjóðskjalasafn gerir kröfu um. En það er minniháttar tæknilegt úrlausnatriði.
5. Afhending á vörsluútgáfu þarfnast góðs undirbúnings og er því nauðsynlegt fyrir Þjóðskjalasafn að ætla góðan tíma í samstarfi við afhendingaraðila þegar komið er að afhendingu vörsluútgáfu.
6. Ný verk verða til hjá bæði Þjóðskjalasafni og afhendingarskyldum aðilum. Vinna við móttöku rafrænna gagna er nýtt verkefni á Þjóðskjalasafni en áfram verður tekið við pappírsskjölum í talsverðu mæli næstu 2-3 áratugi. Afhendingarskyldir aðilar þurfa að skrá nákvæmlega og tilkynna öll rafræn kerfi til Þjóðskjalasafns og lúta kerfislega og tæknilega strangari skilyrðum en hingað til.
7. Rafræn skil kalla á samvinnu allra aðila; skjalamyndara, hugbúnaðarframleiðanda og skjalasafns. Góð samvinna þessara aðila auðveldar rafræna vörslu og stuðlar að hagkvæmum lausnum.
8. Tímarammi verksins og kostnaðaráætlun stóðust ekki. Verkið varð umfangsmeira og kostnaðarsamara en áætlað var. Auk þess urðu ýmsar tafir á verkinu.

2. Inngangur

Til að tryggja hagsmuni stjórnvalda og borgaranna er drjúgur hluti opinberra skjala varðveittur til frambúðar. Samkvæmt lögum er það hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands að varðveita skjöl íslenska ríkisins í þessu skyni.² Skjöl hins opinbera enda því á Þjóðskjalasafni hvort sem þau eru pappírsskjöl eða rafræn á rafrænu formi. Óhugsandi er að öll rafræn gögn verði prentuð á pappír til varðveislu og því þarf að varðveita þau rafrænt, enda bendir flest til þess að rökrétt sé að varðveita tölvugögn með stafrænum hætti. Örugg langtímavarsla rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni er þess vegna forsenda rafrænnar stjórnsýslu í bráð og lengd.

Árið 2004 birtist stefna ríkisstjórnarinnar, *Auðlindir í allra þágu*, um stefnu upplýsingasamfélagsins 2004-2007.³ Þessi stefnumörkun kallaði m.a. á að brýnt var að móta reglur og verklag um langtímavörslu rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni Íslands. Árið 2004 lagði Þjóðskjalasafn drög að tveimur tilraunaverkefnum (sjá fylgiskjal nr. 2) til að prófa afhendingu og móttöku rafrænna gagna og óskaði eftir fjárveitingum til þessara verkefna.

Þjóðskjalasafn Íslands fékk 5 milljóna króna styrk árið 2005 frá verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið til þess að vinna að tveimur tilraunaverkefnum í því skyni að færa rafræn gögn úr tveimur stjórnarstofnunum, menntamálaráðuneyti og ríkisskattstjóra, til langtímavörslu í Þjóðskjalasafn. Lokið var við skilgreiningu og skipulag verkefnanna á fyrrihluta árs 2005 (sjá fylgiskjöl nr. 2 og 3). Verkefnin tvö byggja á að fylgt er reglum danska ríkisskjalasafnsins, sem Þjóðskjalasafn hefur samið um afnot af, um varðveislu rafrænna gagna. Í verkefninu með embætti ríkisskattstjóra voru gögn úr rafrænum gagnagrunni færð til vörslu í Þjóðskjalasafni og lauk því verkefni formlega í nóvember 2007

² Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985

³ Sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/UpplStefna2004.pdf>

með útgáfu skýrslu.⁴ Verkefnið með menntamálaráðuneytinu snérist um að færa gögn úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi ráðuneytisins yfir í vörsluútgáfu til langtímavarðveislu. Því verkefni er lýst í þessari skýrslu.

2.1 Forsaga

Danska ríkisskjalasafnið varð fyrst ríkisskjalasafna til að hefja skipulega móttöku rafrænna gagna samkvæmt ákveðnum reglum um varðveislu slíkra gagna. Árið 1996 gaf það út reglur um rafræna gagnagrunna og um rafræn skjalavörslukerfi, gerð þeirra og skipulag, auk reglna með tæknilegum skilgreiningum um hvernig skila beri rafrænum gögnum úr slíkum gagnakerfum. Reglurnar hafa síðan verið endurskoðaðar, síðast árið 2002 og 2004.⁵ Notendur gagnakerfa í Danmörku þurfa að fá samþykki ríkisskjalasafnsins fyrir því að taka tiltekið kerfi í notkun, þ.e.a.s. ríkisskjalasafnið metur hvort kerfið sem um ræðir standist reglur skjalasafnsins um skjalavörslu almennt og hvort það hefur tiltekna virkni sem tryggir efnislega og tæknilega möguleika á skilum gagna úr kerfinu. Þjóðskjalasafn hefur samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn (nr. 66/1985) sömu stöðu gagnvart afhendingarskyldum aðilum og danska ríkisskjalasafnið, þ.e. að leita þarf samþykkis hjá safninu um notkun skjalavistunarkerfa áður en þau eru tekin í notkun. Lagaumhverfi og skjalavörsluhefðir á Íslandi eru af sögulegum ástæðum afar líkar því sem er í Danmörku.

Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnýsslunni, var skipuð af menntamálaráðherra í september 1997. Árið eftir lagði hún til að Þjóðskjalasafn byggði á aðferðum Dana við varðveislu rafrænna gagna⁶. Í nokkur ár hafa þessar reglur verið til skoðunar og þýðingar í Þjóðskjalasafni. Reglurnar er þrjúþættar:

- 1) Reglur um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands
- 2) Reglur um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands
- 3) Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila til Þjóðskjalasafns Íslands

Í 6. gr. laga um Þjóðskjalasafn er gert ráð fyrir að pappírsskjöl séu afhent safninu eigi síðar en þegar þau verða 30 ára gömul. Þó skulu rafræn gögn afhent á fárra ára fresti, eða ekki eldri en fimm ára gömul, samanber breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands frá 12. september 2008 (sjá fylgiskjal nr. 5).

Liður í undirbúningi þess að taka við rafrænum gögnum hins opinbera var að kanna rafræna skjala- og gagnavörslu ríkisstofnana. Það var gert 2004 og niðurstöður birtar árið eftir.⁷ Árið 2005 var gerður samningur við danska ríkisskjalasafnið um samstarf á þessu sviði og þar með tryggður aðgangur Þjóðskjalasafns að forritum, þekkingu og rannsóknum er lúta að langtímaförslu rafrænna gagna.⁸

⁴ Sjá <http://www.skjalasafn.is/docs/lokaskýrsla-vsk-2000.pdf> (Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Ríkisskattstjóra um skil á rafrænum gögnum til langtímaförslu í Þjóðskjalasafni)

⁵ Sjá: <http://www.sa.dk/sa/statamtkom/arklov/lovindex.htm> (Cirkulære nr. 24 af 8. marts 2002 om anmeldelse og godkendelse af elektroniske journaler og elektroniske dokumenthåndteringssystemer. - Cirkulære nr. 23 af 8. marts 2002 om anmeldelse af statslige myndigheders elektroniske registre (databaser). - Bekendtgørelse nr. 342 af 11. marts 2004 om arkiveringsversioner af bevaringsværdige data fra elektroniske arkivsystemer).

⁶ Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnýsslunni. Skýrsla. Reykjavík 15. júlí 1998

⁷ Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana. Könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2004. Maí 2005.

⁸ Undirbúningsstarf þetta hefur verið kynnt jöfnum höndum fyrir hagsmunaaðilum, menntamálaráðuneyti, Félagi um skjalastjórn og nokkrum framleiðendum eða seljendum skjalavörslulausna. Stutt grein um málið rituð í

Rafrænni stjórnsýslu var greidd leið með breytingum á stjórnsýslulögum árið 2003.⁹ Það var mikilvægt spor í átt til frekari hagnýtingar tölvutækni í stjórnsýslunni. Ljóst er að sjálfvirkni á afgreiðslu ýmissa erinda hins opinbera fer vaxandi. Þar skapast nýr vandi við að varðveita ákvarðanir sem teknar eru í tölvukerfum. Sívaxandi magn rafrænna gagna hjá opinberum aðilum krefst mikillar faglegrar þekkingar og nýrra vinnubragða bæði hjá Þjóðskjalasafni Íslands og skjalamyndurum hins opinbera. Með breytingum á lögum um Þjóðskjalasafn þann 12. september 2008 voru Þjóðskjalasafni og opinberum aðilum skapaðar lagalegar forsendur til vörslu rafrænna gagna.¹⁰ Þjóðskjalasafn getur nú hafist handa við þetta eilífðaverkefni.

Til að prófa dönsku aðferðafræðina, leggja grunn að aukinni þekkingu hjá Þjóðskjalasafni og afhendingarskyldum aðilum og til að móta góðar verklagsreglur við myndun rafrænna skjala, meðferð þeirra og vörslu til langs tíma var lagt upp í áður nefnd tilraunaverkefni. Hér er gerð grein fyrir verkefni um gerð vörsluútgáfu gagna úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins til vörslu í Þjóðskjalasafni.

2.2 Aðferðafræðin

Reglur danska ríkisskjalasafnsins byggja á hugmyndafræði sem kölluð er „migration“ á ensku eða yfirfærsluleiðin á íslensku. Það þýðir í stuttu máli að ekki er verið að varðveita kerfin sjálf heldur eru gögnin tekin út úr þeim og geymd kerfisóháð.

Reglurnar sem hér eru prófaðar eru einfaldar og framkvæmanlegar þrátt fyrir mikla fjölbreytni tölvuumhverfis. Reglur um gagnagrunna lúta fyrst og fremst að því að Þjóðskjalasafn fái upplýsingar um eðli gagnanna og myndun og eyðingu gagna í kerfunum til þess að hægt sé að meta hvort og hve oft þarf að skila vörsluútgáfu til safnsins. Þess vegna þurfa skjalamyndarar að tilkynna og tilgreina gagnagrunna sína til Þjóðskjalasafns og veita ýmsar upplýsingar um þá líkt og gert er um gagnavinnslu persónuupplýsinga til Persónuverndar.

Reglur um rafræn skjalavörslukerfi eru ítarlegri og mæla fyrir um hvaða eiginleika og virkni kerfin eiga að hafa til þess að tryggja sé að góðum og gildum skjalavörsluhefðum sé fylgt og að tryggja sé að hin rafrænu skjöl verði auðveldlega nothæf í framtíðinni, eftir 30 ár, eftir 300 ár og síðar. Núverandi reglur leggja þá skyldu á skjalamyndara að bera skipulag skjalavörslu sinnar (málalykil o.fl.) undir Þjóðskjalasafn til samþykktar áður en þeir taka upp nýtt kerfi eða breyta kerfi sem fyrir er. Hinar nýju reglur um rafræn skjalavörslukerfi gera áfram kröfu um slíkt.

Reglur um afhendingu vörsluútgáfu rafrænna gagna úr bæði rafrænum skjalavörslukerfum og gagnagrunnum eru allitarleg lýsing á hvernig ganga skuli frá gögnum úr kerfunum til afhendingar Þjóðskjalasafns og hvaða lýsigögn skuli fylgja með. Þá eru snið tiltekin. Vegna þess hve lög um skjalavörslu eru sterk á Norðurlöndum geta skjalasöfnin gert skýrar kröfur um skjalaafhendingar, hvort sem um er að ræða rafræn gögn eða pappírsgögn. Ekki er greint frekar frá þessum reglum hér en vísað á vef Þjóðskjalasafns þar sem hægt er að nálgast reglurnar.¹¹

tímaritið *Tölvumál* árið 2002. (Eiríkur G. Guðmundsson: „Langtímavarðveisla rafrænna skjalasafna opinberra aðila.“ *Tölvumál*. Tímarit Skýrslutæknifélags Íslands. Maí 2002, 1. tbl. 27. árg.)

⁹ Lög um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla). Samþykkt á Alþingi 10. mars 2003.

¹⁰ Sjá Lög um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, samþykkt á Alþingi 12. september 2008. Nefnd um endurskoðun á lögum um Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn var skipuð í janúar 2006, sjá <http://www.althingi.is/altext/136/s/0154.html>. Tengd vinnu nefndarinnar fjölluðu sérfræðingar um langtímavörslu rafræns efnis í skýrslunni „Skýrsla um stöðu þekkingar og færni á langtímavörðveislu stafræns efnis“, sjá <http://bella.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=35296>.

¹¹ <http://www.skjalasafn.is>. Undir *skjalavarsla*.

Varðveisla rafrænna gagna er mun flóknara viðfangsefni en varðveisla pappírsgagna og það er mikilvægt að hefjast handa strax þar sem rafrænum gögnum er hættara við að úreldast og skemmast en hinum fyrrnefndu.

3. Markmið

Við skilgreiningu Þjóðskjalasafns á verkefnum á sviði rafrænnar stjórnsýslu sem unnin var í tengslum við stefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist í skýrslunni *Auðlindir í allra þágu* voru skilgreind markmið sem tilraunaverkefnin tvö, sem lagt var til að væru framkvæmd, áttu að skila (sjá fylgiskjal nr. 2).

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið og því þótti nærtækast að tilraunaverkefni um flutning gagna úr rafrænu skjalavörslukerfi yfir í vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns Íslands yrði úr kerfi ráðuneytisins. Auk þess hefur menntamálaráðuneytið í rúmlega 10 ár skráð, samið og skannað inn skjöl í rafrænu skjalavörslukerfi. Því taldist vænlegt að vinna með því embætti að rafrænum skilum.

Eftirfarandi markmið voru skilgreind í tilraunaverkefninu um skil á vörsluútgáfu úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins til Þjóðskjalasafns, sbr. fylgiskjal nr. 3:

1. Að taka út rafrænt skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtímavörslu rafrænna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.
2. Að búa til skilahæfa útgáfu á skjölum úr rafrænu skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins. Slík vörsluútgáfa yrði byggð á reglum danska ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota og þýða.
3. Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending/móttaka vörsluútgáfu rafrænna skjalavörslukerfa krefst og býður upp á.
4. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
5. Að meta hvaða ný verkefni/verkbættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu og skjalaskil.

4. Rammi og framvinda verkefnisins

Byrjað var að móta tilraunaverkefnið hjá menntamálaráðuneytinu vorið 2005, en þá hittust fulltrúar frá Þjóðskjalasafni, menntamálaráðuneyti og Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginganna. Hópurinn hittist í lok apríl 2005 (sjá fylgiskjal nr. 4) og var þá gerð verkefnaáætlun og myndaður stýrihópur verkefnisins (sjá 4.1).

Hlutverk menntamálaráðuneytisins í verkefninu var að koma með faglega innsýn í myndun vörsluútgáfu gagna úr mála- og skjalavörslukerfi ráðuneytisins. Hlutverk Rekstrarfélagsins var að stýra framkvæmd á myndun vörsluútgáfu, en ljóst var í upphafi að krafist yrði aðkomu Hugvits sem er þjónustuaðili mála- og skjalavörslukerfis menntamálaráðuneytisins, en þjónustusamningur var á milli þessara tveggja aðila. Hlutverk Þjóðskjalasafns, sem fer fyrir verkefninu og ber á því ábyrgð, var að leiða það, miðla hinna tæknilegu aðferð og framkvæma prófun á vörsluútgáfu hinna rafræna gagna.

4.1 Starfsmenn verkefnisins

Í upphafi verkefnisins, vorið 2005, var myndaður stýrihópur verkefnisins. Í stýrihópnum sátu aðilar frá menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafni og Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginganna.

Þjóðskjalasafn fékk úthlutaða fjárveitingu til framkvæmda á tilraunaverkefnum. Verkefnastjórn var því á ábyrgð Þjóðskjalasafns en þeir starfsmenn sem komu að verkefninu fyrir hönd stofnunarinnar voru Eiríkur G. Guðmundsson sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs og Baldur Már Bragason starfsmaður langtímavarðveislu rafrænna gagna, en hann sat fyrir hönd Þjóðskjalasafns í stýrihópi verkefnisins. Á vordögum 2008 lét Baldur Már af störfum hjá Þjóðskjalasafni og hóf störf hjá Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga. Baldur sinnti áfram verkefninu eftir flutning yfir til Rekstrarfélagsins. Arftaki Baldurs, Júlía Pálmadóttir Sighvats, kom til starfa snemma árs 2009 og tók yfir verkefni hans á Þjóðskjalasafni.


Úr menntamálaráðuneytinu í stýrihóp kom Ásgerður Kjartansdóttir deildarstjóri, Guðrún Erlendsdóttir og Rut Jónsdóttir. Rut hætti störfum í ráðuneytinu 2006 og tók þá Hrafnhildur Tryggvadóttir sæti hennar í stýrihópnum og starfaði fram til vors 2008. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga, Guðmundur H. Kjærnested, sat í stýrihópi og tók einnig stóran þátt í framkvæmd verkefnisins, sérstaklega þegar vinna hjá Hugviti hófst.

Hugvit kom inn í verkefnið haustið 2005. Fyrir á því ári voru fundir til upplýsingagjafar með aðilum frá þeim. Fyrir hönd Hugvits komu að verkefninu Friðrik G. Guðnason deildarstjóri þróunar, Sveinn S. Hannesson deildarstjóri ráðgjafadeildar og Árni Þór Halldórsson kerfisfræðingur.

5. Gerð vörsluútgáfu mála og tilheyrandi skjala úr GoPro

Verkefnisáætlun sem unnin var af Hugviti í desember 2005 til júlí 2006 lýsti hönnun á þeirri virkni í GoPro kerfinu sem þurfti að útfæra til að ná að mynda vörsluútgáfu mála og tengdra skjala.

Ferlið í GoPro er á þá leið að mál eru valin eftir gefnum skilyrðum til sendingar í vörsluútgáfu. Þegar málin hafa verið valin eru þau keyrð í gegnum umbreytingu (e. conversion server) sem tekur málið sjálf, þau skjöl sem tilheyra málinu og breytir yfir í TIFF-myndir. Þegar þetta hefur verið gert eru þessi gögn síðan tekin inn í skilamiðlara sem útbýr sjálfa vörsluútgáfuna sem síðan er hægt að afhenda til Þjóðskjalasafns. Mynd 1 hér að neðan sýnir ferlið og grófa hönnun í GoPro.



Mynd 1 Ferli við myndun vörsluútgáfu mála í GoPro (ÞSS=Þjóðskjalasafn Íslands).

Verkaskiptingin á framkvæmdinni var sú að Hugvit sá um alla forritun og útfærslu á sjónarhornum (e. views) en Rekstrarfélagið koma að því að prófa keyrslurnar í GoPro, bæði þá keyrslu sem umbreytti gögnunum í myndir og einnig þá sem útbjó vörsluútgáfuna. Þjóðskjalasafn prófaði síðan endanlega vörsluútgáfu til að meta hvort hún uppfyllti gefin skilyrði.

6. Prófanir á vörsluútgáfu hjá Þjóðskjalasafni

Í febrúar 2009 var gerð prófun á þeirri vörsluútgáfu sem markaði lok verkefnisins. Farið var ítarlega yfir vörsluútgáfuna og formið á henni prófað með tólum frá danska ríkisskjalasafninu.¹² Niðurstöður prófana leiddu í ljós að vörsluútgáfan stóðst hvorki þær kröfur sem gerðar eru til vörsluútgáfu né heldur var formið á vörsluútgáfunni samkvæmt þeim reglum sem lágu til grundvallar (sbr. kafla 2). Niðurstöður prófana eru birtar í fylgiskjali nr. 7. Þrátt fyrir þessar niðurstöður varð endingin sú að eftir að öll frávik höfðu verið skráð og vörsluútgáfunni breytt til samræmis við reglurnar, þá má draga þá ályktun að rétt form vörsluútgáfu hefði náðst við breytingar á stillingum í þeim hluta GoPro-kerfis menntamálaráðuneytisins sem myndar sjálfa vörsluútgáfuna (skilamiðlari), sjá kafla 8.2. Þær villur sem komu upp tengdust heitum á möppum og skráum sem og tilvísunum í grunntextaskrá. Leiðréttingar á þessu ætti að teljast til breytinga á stillingum í þeim hluta í GoPro sem keyrir út gögn í vörsluútgáfu. Bæði fjármunir og tímarammi verkefnisins leyfðu ekki frekari vinnu við þessi atriði.

7. Verkáætlun og annar kostnaður

Tilraunaverkefni að útbúa vörsluútgáfu gagna úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins var framkvæmt að mestu af þremur aðilum; Þjóðskjalasafni, Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins og Hugviti. Í upphafi verkefnisins komu einnig að því aðilar frá

¹² Sjá TEA og önnur hjálparforrit á http://www.statensarkiver.dk/content/dk/for_statslige_myndigheder/aflevering/elektroniske_arkivsystemer/tea3_og_hjalpeprogrammer.

menntamálaráðuneytinu. Yfirumsjón og almenn verkstjórn var á höndum Þjóðskjalasafns. Stærstur hluti hinnar eiginlegu framkvæmdar var hins vegar að mestu á ábyrgð Rekstrarfélagsins og Hugvits. Áætlaðar vinnustundir sem þessir aðilar unnu að verkefninu koma fram í töflu 1. Verkáætlun frá 2006 er birt sem fylgiskjal nr. 11. og endurskoðuð kostnaðaráætlun vegna tilraunaverkefnanna tveggja er birt sem fylgiskjal nr. 6.

Tafla 1 Vinnuframlag í tilraunaverkefni menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns Íslands.

Framkvæmt af	Vinnuframlag
Þjóðskjalasafn Íslands Vinnuframlag fólst í að móta verkefnið í upphafi og að sinna verkstjórn. Samantekt verkefnis og skýrslugerð.	
Fundir og samantektir	110 Klst
Skýrslugerð	150 Klst
Annað (verkstjórn, áætlanagerð, samskipti)	200 Klst
Samtals aðkoma Þjóðskjalasafns	460 Klst
Menntamálaráðuneytið Aðkoma að mótun verkefnisins í upphafi, fundir, öflun viðbótarframlags, samskipti við starfsfólk Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga, Þjóðskjalasafns og Hugvits.	
Samtals aðkoma menntamálaráðuneytisins	50 Klst
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga Vinnuframlag fólst í samskiptum við Hugvit, aðkoma að hönnun og útfærslu á gerð einingar í GoPro til að keyra út vörsluútgáfu gagna, tilfallandi prófanir vegna þessa og umsjón með öllum gagnakeyrsllum tengd því að búa til vörsluútgáfu. Þegar á leið verkefnið einnig verkstjórn.	
Samtals aðkoma Rekstrarfélagsins	820 Klst
Hugvit Hönnun og forritun á einingu í GoPro til að keyra út vörsluútgáfu gagna.	
Samtals aðkoma Hugvits	1.030 Klst
SAMTALS	2360 Klst

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að unnt yrði að vinna verkefnið innan þess fjárhagsramma sem styrkur vegna tilraunaverkefnanna tveggja rúmaði. Heildarstyrkurinn sem fékkst árið 2006 hljóðaði upp á kr. 5.000.000 og átti að skiptast jafnt á milli verkefnanna tveggja þannig að kr. 2.500.000 voru til fjármögnunar hvors verkefnis um sig. Upphaflega voru væntingar um að fjármagn til tilraunaverkefnis hjá menntamálaráðuneytinu dygði fyrir útfærslu. Verkáætlun frá júlí 2006 (sjá fylgiskjal nr. 11) leiddi í ljós að aukið fjármagn þyrfti, ef takast ætti að útfæra verkefnið. Þjóðskjalasafn, menntamálaráðuneyti og Rekstrarfélagið lögðu því fram aukið fé til að ljúka verkinu miðað við endurskoðaða kostnaðaráætlun. Í stöðuskýrslu frá september 2007 (sjá fylgiskjal nr. 9) kemur fram að umfang forritunar var mun meira en gert var ráð fyrir og kostnaðaraukning verkefnisins liggur að mestu þar. Sem afleiðing af því jókst einnig umfang þeirrar vinnu sem Rekstrarfélagið þurfti að setja í verkefnið. Tafla 2 sýnir upphaflega fjármögnun, viðbótafjármögnun og útlagðan kostnað sem greiddur var til verktaka, í þessu tilviki er það Hugvit. Einnig kemur fram í töflunni uppgjör Þjóðskjalasafns vegna verkefnisins.

Tafla 2 Fjármögnun á tilraunaverkefni með menntamálaráðuneytinu og kostnaður þess.

Fjármögnun og kostnaður MRN verkefnisins	Upphæð
Upphafleg fjármögnun verkefnisins	
Styrkur frá verkefnastjórn til Þjóðskjalasafns	2.500.000 kr.
Viðbótarfjármögnun	
Viðbótarframlag MRN ¹	2.490.000 kr.
Viðbótarframlag Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga ²	622.500 kr.
Viðbótarframlag Þjóðskjalasafns ²	622.500 kr.
1) 2.000.000 kr. auka framlag að viðbættum vsk	
2) 500.000 kr. auka framlag að viðbættum vsk	
Samtals upphafleg fjármögnun og viðbót:	6.235.000 kr.
Útlagður kostnaður ÞÍ	
Greitt til Hugvits v/ MRN verkefnis	2.490.000 kr.
Greitt til Hugvits v/ MRN verkefnis	622.500 kr.
Annar kostnaður sem lagt var út í 2005 og á fyrstu mánuðum 2006 og deildist á MRN og RSK verkefnið. Meðal annars ráðgjöf frá danska ríkisskjalasafninu og tækjakaup.	311.457 kr.
Samtals útlagður kostnaður Þjóðskjalasafns:	3.423.957 kr.
Samtals greiðslur til verktaka (Hugvits)	
Viðbótarframlag MRN	2.490.000 kr.
Viðbótarframlag Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga	622.500 kr.
Greiðsla Þjóðskjalasafns	2.490.000 kr.
Viðbótarframlag Þjóðskjalasafns	622.500 kr.
Samtals greiðslur til verktaka:	6.225.000 kr.
Fjármagn flutt til frá RSK verkefni yfir í MRN verkefni	921.186 kr.
Uppgjör Þjóðskjalasafns vegna MNR verkefnisins	
Styrkur frá verkefnastjórn til Þjóðskjalasafns	2.500.000 kr.
Útlagður kostnaður	3.423.957 kr.
Afgangur frá RSK verkefni	921.186 kr.
Samtals kostnaður Þjóðskjalasafns vegna MRN verkefnis: ¹	- 2.771 kr.
1) Að auki á prentunarkostnaður vegna útgáfu skýrslu eftir að bætast við, en hann er áætlaður kr. 50.000.	

8. Niðurstöður

Niðurstöður úr verkefninu eru teknar saman hér að neðan, en þær snúa meðal annars að mati á því hvernig tókst að uppfylla markmið verkefnisins. Reynt var að taka tillit til sjónarhorna allra aðila sem að verkefninu komu, draga fram niðurstöður flestra þátta og þann lærdóm sem má fá af verkefninu.

8.1 Mat á gögnum til afhendingar

Tilgangur verkefnisins var að kanna hvernig gögn úr rafrænu mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins væru tekin yfir í það form sem Þjóðskjalasafn hefur skilgreint til afhendingar á vörsluútgáfu rafrænna gagna.

Hjá menntamálaráðuneytinu er hugbúnaðarkerfið GoPro notað sem mála- og skjalavörslukerfi, en ásamt GoPro-kerfum annarra ráðuneyta myndar það kerfi sem ber heitið „Málaskrá ráðuneytanna“. Menntamálaráðuneytið er einnig með málaskrá sem heldur utanum gögn um starfsmenn ráðuneytisins, en ákveðið var að taka vörsluútgáfu úr Málaskrá menntamálaráðuneytisins (hluti af Málaskrá ráðuneytanna)¹³. Ráðuneytinu er skylt að varðveita mál sem falla undir starfsemina og upplýsingar um meðferð mála, en rafræn skráning á málum hófst árið 1994 hjá ráðuneytinu.

Upphaflega var gert ráð fyrir að afhenda gögn frá tímabilinu 01.01.1995-31.12.2003 (sbr. tilkynningu um rafrænt dagbókarkerfi dags 21.07.2005 sem menntamálaráðuneyti sendi Þjóðskjalasafni, sjá fylgiskjal nr. 16). Við nánari skoðun á þeim gögnum var ákveðið að afhent yrðu gögn frá 2004-2007 (sjá fylgiskjal nr. 10). Við framkvæmd verkefnisins var ljóst að slíkt gagnamagn tæki allverulegan tíma að keyra út úr GoPro kerfinu. Reynt var að keyra margar umbreytingarkeyrslur á tímabil sem innihéldu um eða yfir tíu þúsund skjöl, tíminn sem fór í þessar keyrslur var mikill og hafði sín áhrif á framgang verkefnisins. Síðar var ákveðið að taka til yfirfærslu gögn frá einni viku, í hverjum desembermánuði yfir fjögurra ára tímabil. Erfiðlega gekk að taka gömul gögn til skila og því voru að endingu tekin gögn frá deginum 29. janúar 2009 sem ljóst var að hentuðu til yfirfærslu. Síðustu keyrslur náðu yfir nokkur hundruð mál og um það bil eitt þúsund skjöl.

8.2 Umbreyting gagna í myndir

Við útfærslu verkefnisins var gengið út frá því formi/sniði sem gögn eru skráð inn í kerfið í dag. Umbreytingin fólst í því að varpa gögnum úr því sniði sem þau eru í, yfir í TIFF ásamt því að gera gagnauppbyggingu á vörsluútgáfunni til afhendingar. Mynd 2 sýnir ferlið þegar gögnum í GoPro/Málaskrá er umbreytt yfir í vörsluútgáfu.

¹³ Vísað er í þann hluta „Málaskrá ráðuneytanna“ í framhaldi skýrslunnar sem „GoPro/Málaskrá“.



Mynd 2 Umbreytingarferli gagna

Mynd 2 hér að ofan skýrir gróflega það ferli sem átti sér stað við umbreytingu ganga yfir á sniðmát vörsluútgáfu samkvæmt skilgreiningu Þjóðskjalasafns.

Skref 1-2: Útfært verkferli í GoPro/Málaskrá til að taka út gögn fyrir skil til Þjóðskjalasafns.

- Skil skilgreind ásamt upplýsingum sem þarf að fylgja skilum.
- Fylgiskjöl sett inn sem eiga að fylgja skilum
- XML gögn tekin út fyrir þau GoPro skjöl sem á að skila
- GoPro skjölum og viðhengjum myndbreytt í .TIF

Skref 3-4: Þegar öll .XML og .TIF skjöl eru tilbúin er búinn til skilapakki sem inniheldur öll gögnin úr GoPro/Málaskrá (á XML og TIFF formi) ásamt öðrum fylgiskrá og stilliskrá með upplýsingum um skilin. Þessi skilapakki er allur settur í eina .zip skrá í skrefi 4.

Skref 5-6: Gerður var skilamiðlari (skrifaður í Java):

- Miðlarinn er með .xml stilliskrár þar sem stillt er hvernig skipta eigi gögnunum í töflur o.fl. samkvæmt óskum Þjóðskjalasafns.
- Skilamiðlarinn keyrir á .zip skrána og skv. stillingum eru gögnin sett á það snið sem reglur Þjóðskjalasafns mælir fyrir um.

Fyrirfram var ekki mikið vitað um hvaða hugbúnaður og útgáfur af hugbúnaði hafði verið notaður til að mynda þau skjöl sem finnast í kerfinu. Hér er til dæmis átt við útgáfur af Microsoft Office og Open Office hugbúnaðar, myndakerfa o.fl. Við keyrslu á umbreytingarferli á málum og tilheyrandi skjölum í GoPro/Málaskrá til skila í vörsluútgáfu, komu upp vandamál vegna umbreytinga skjalasniða (formats) viðhengja sem ekki var þekkt og þurfti að bæta við stuðningi.¹⁴

Útfærslan er þannig að öllum gögnum sem hægt er að umbreyta er breytt, ef ekki var stuðningur við skjalasnið eða aðrir þættir komu upp sem hindruðu að hægt væri að framkvæma umbreytingu, þá stöðvaðist keyrslan þar til leyst hafði verið úr því. Því verður, miðað við núverandi útgáfu, ekki hægt að keyra kerfið án þess að eftirlit sé með keyrslunni. Af þessum orsökum stöðvaðist umbreytingarferlið margofter við fyrstu keyrslur en eins og bent er á í kafla 8.1 var umfang gagnanna sem send voru í umbreytingu óþarflega mikið þar sem í raun var verið að keyra prufukeyrslur.

Afurðir út úr kerfinu eru þrjár:

¹⁴ Stuðningur er við notes skjöl og .doc, .docx, .xls, .xlsx, .ppt, .pptx, .vsd, .htm, .html, .pdf, .jpeg, .gif, .rtf, og .tif.

1. Búin eru til XML skjöl fyrir hvert skjal sem er í GoPro/Málaskrá. Sérstakt forrit skrifað fyrir þessa virkni (skref 1-2 hér að ofan)
2. Búin er til mynd á .TIF sniði fyrir hvert skjal og viðhengi sem er í GoPro/Málaskrá. Sérstakt forrit skrifað fyrir þessa virkni (skref 1-2 hér að ofan)
3. Búin er til strúktúr/gagnauppbygging á diskum sem skilað er til Þjóðskjalasafns – Forrit (skref 5-6 hér að ofan)

Framkvæmd þessara þriggja afurða gekk vel með þeirri undantekningu að umbreyting í .TIF mynd var þeim annmörkum háð að hún kallar á endurskoðun þeirra sniðmáta sem gögn eru geymd á og því ferli sem skilgreinir hvernig myndbreyting á sér stað.

Þessi vandkvæði á umbreytingu gagna í .TIF mynd stöðvaði þó ekki umbreytingarferlið en gerði það að verkum að það tók langan tíma og teygðist verulega á keyrslutímanum. Umbreytingarferlið stöðvaðist þar til notandi brást við skilaboðum sem upp komu í breytingarferlinu. Ástæður þess að ferlið stöðvaðist voru tvö konar:

- a) Ekki var til rekill til að umbreyta ákveðinni tegund á skjölum í .TIF mynd. Sem dæmi mætti taka JPEG skjal sem breyta þarf í mynd samkvæmt TIFF staðlinum, en þá stöðvaðist umbreytingarferlið ef rekil vantaði fyrir JPEG skjalsniðið. Í kjölfar þessarar niðurstöðu voru skilgreind þau skjalsnið sem umbreytingarlausnin ætti að styðja (sjá neðanmálgrein 14).
- b) Birtingarform ýmissa skjala (til að mynda eldri bréfa) og mála var ekki lengur aðgengilegt. Þetta átti sér stað ef verið var að umbreyta máli yfir í .TIF mynd, en það form sem málið hafði upprunalega verið skráð í, var ekki lengur til staðar. Við þetta var ekki hægt að birta málið þar sem formið er það tengdist, var ekki lengur til og því ekki hægt að útbúa .TIF mynd af því.

Sem afleiðing af lið númer b) fór af stað skoðun og mat á þeim gögnum sem varða málaskráninguna sjálfa í GoPro/Málaskrá. Í ljós kom að frávik kann að vera þar sem upprunalegt form máls/skjals er ekki til staðar og því ekki hægt að framkalla birtingarform¹⁵ þess. Einnig getur verið að birtingarformi hafi verið breytt sem orsakar að ekki er unnt að framkalla upprunalegt birtingarform máls/skjals. Þetta getur átt við form frá þriðja aðila jafnt sem GoPro/Málaskrá form.

Þessi niðurstaða kallar á að breytingar á verklagi og útfærslum þar sem gagnaumbreyting á sér stað jafnóðum eða a.m.k. áður en nýjar útgáfur lykilhugbúnaðar eru teknar í notkun. Umbreyting gagna í myndir færi þá fram þegar gögn eru mynduð eða fljótlega eftir að vinnu með þau er lokið. Jafnframt er æskilegt huga að verklagsreglum sem snúa að uppfærslum og breytingum á kerfinu þannig að tryggt sé að myndbreyting hafi farið fram á öllum gögnum.

8.3 Mat á vörsluútgáfu gagna menntamálaráðuneytis


Verkefnið leiddi í ljós að í meginatriðum er mögulegt að mynda vörsluútgáfu af gögnum úr mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins. Útgáfa afhendingarpakka með vörsluútgáfunni sem var síðast afhent Þjóðskjalasafni til prófunar sýndi, þrátt fyrir að vera ekki villulaus og að ákveðin gögn vantaði, að vörsluútgáfan var komin á það form að næsta tryggt sé að myndun vörsluútgáfunnar sjálfrar frá GoPro/Málaskrá geti verið árangursrík.

¹⁵ Birtingarform máls/skjals er það snið eða form sem upplýsingarnar eru birtar í. Birtingarform skilgreinir til dæmis hvort lógó eigi að vera á skjali og þá hvar það ætti að birtast, birting á upplýsingum um höfund, innihald o.s.v.frv.

Vörsluútgáfan innihélt upplýsingar um skjalamyndara, málaskrá, skjalalista og skjölin sjálf samkvæmt TIFF staðli, málalykil og xml-skema um hvernig þessar skrár eru uppbyggðar og vensl þeirra á milli. Reglur um vörsluútgáfu gagna kveður á um að skila þurfi textaútgáfu hvers skjals og að auki að skila því sem TIFF mynd. Í textaskjölum vörsluútgáfu sem áttu að samsvara TIFF myndunum voru til staðar þau lýsigögn sem birt voru á TIFF myndunum (algengast var að TIFF myndin væri mynd af upplýsingum um einstakt mál þar sem fram komu lýsigögn, t.d. heiti máls, og meginmál viðkomandi máls, en TIFF mynd getur einnig verið mynd af til dæmis útsendu bréfi). Í textaskjalið vantaði meginmálið sem sýnt var á TIFF myndinni. Í vörsluútgáfuna vantaði einnig notendahandbók með GoPro kerfinu. Í vörsluútgáfunni voru 5 töflur og gagnamagnið var 66 MB. Gagnatöflurnar sem innihéldu upplýsingar um mál voru tvær talsins. Skjöl í TIFF formi voru 823 talsins og fjöldi mála var 172.

8.4 Forrit og búnaður

Segja má að lausnin felist í þremur meginneiningum. Í fyrsta lagi GoPro/Málaskrá sem inniheldur sérstaka viðbót vegna rafrænna skila (e. Conversion module). Í öðru lagi umbreytingarbiðlari sem sá um umbreytingu gagna og svo í þriðja lagi skilamiðlari sem tók saman umbreytt gögn (xml og TIFF skrár) og bjó til vörsluútgáfuna (sjá mynd 3).



Mynd 3 Forrit og búnaður

Málaskrá menntamálaráðuneytis er kerfi byggt ofan á GoPro Professional og notar Lotus Notes Domino útg. 8.0.1 sem grunnkerfi. Lotus Notes er keyrt á Windows 2003 miðlara sem notar IBM Blade miðlara.

Umbreyting gagna fór fram á öðrum miðlara sem var PC vél, nefndur Breytir 2. Á Breytir 2 var Lotus Notes útg. 7 biðlari og á honum var beiðnaskrá sem allar umbreytingarbeiðnir fóru í. Á vélinni var einnig sérstakur umbreytingarbiðlari en hann vaktaði ókláraðar beiðnir í beiðnaskránni og keyrði á þeim umbreytingar og skilaði í skilgreindar möppur á vélinni.

Á Breytir 2 er einnig PDF creator, Microsoft Office og allur sá hugbúnaður sem þarf til umbreytingu gagna sem er á því formati sem stutt er við.

Skilamiðlarinn er Java forrit sem sá um að búa til vörsluútgáfuna. Forritið keyrði einnig á Breytir2.

8.5 Framvinda verkefnisins

Málakerfi menntamálaráðuneytisins er uppsett í GoPro hugbúnaðarlausninni sem þróuð er og þjónustuð af Hugviti. Fljótlega eftir upphafsfund stýrihóps í apríl 2005 var ákveðið að fá aðila frá Hugviti inn í verkefnið og í júní 2005 var fundur með stýrihópi og Hugviti. Á þeim fundi var tilraunaverkefnið kynnt fyrir tengilið Hugvits og farið yfir tæknilegar upplýsingar varðandi málakerfi menntamálaráðuneytisins.

Í ágúst 2005 var verkefnaáætlunin endurskoðuð og var þá gert ráð fyrir að verkefninu lyki með formlegri skýrslugerð í mars 2006. Einnig voru þá komin skilgreind markmið sem tilraunaverkefnið átti að stefna að. Samhliða vinnu við tilraunaverkefnið haustið 2005 var haldið áfram vinnu við þýðingu úr dönsku á leiðbeiningum um afhendingu á vörsluútgáfu gagna úr rafrænum gagnakerfum. Var þýðandi fenginn til að þýða leiðbeiningarnar og yfirlstur var síðan á höndum Þjóðskjalasafns.

Í nóvember 2005 var betur farið yfir aðkomu Hugvits að verkefninu og fundur haldinn með þeim, menntamálaráðuneyti, Rekstrarfélaginu og Þjóðskjalasafni. Í framhaldi af þeim fundi var verkefnið mótað frekar með Hugviti og formleg verkefnaáætlun búin til fyrir verkefnið. Að þeirri vinnu kom Hugvit, Rekstrarfélagið og Þjóðskjalasafn.

Stöðuskýrsla var gerð í apríl 2006 (sjá fylgiskjal nr. 17). Kom þar fram að kostnaður við verkefnið mun verða meiri en styrkurinn upp á 5 milljónir mun leyfa. Einnig var þá fyrirséð að verkefninu lyki ekki á áætluðum tíma (sjá fylgiskjal nr. 8). Verkefnaáætlunin var unnin samkvæmt PRINCE2 aðferðafræðinni og var samþykkt í júlí 2006 (sjá fylgiskjal nr. 11). Var áætlað að forritun við GoPro/Málaskrá myndi hefjast í lok ágúst það sumar en tafir urðu á því og hóf Hugvit vinnu sína við verkefnið í október 2006. Árið 2007 fór að mestu í forritun hjá Hugvit við að útbúa einingu inn í GoPro/Málaskrá sem gæti búið til skilahæft form af gögnum úr mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins.

Vorið 2007 voru fyrstu tilraunir með umbreytingu á gögnum í GoPro/Málaskrá yfir í TIFF format keyrð út hjá menntamálaráðuneytinu. Mikill tími á næstu mánuðum fór í að keyra þessa umbreytingakeyslu, en hún reyndist tímafrek og að stöðugar nærveru starfsmanns við keyrslunnar var þörf til þess að tryggja að keyrslan stöðvaðist ekki þegar frávik komu upp. Verið var að keyra stórar gagnastærðir á þessum tíma, allt upp í 90.000 skjöl voru keyrð og tók það sinn tíma. Undir haustið 2007 var gagnamagnið skorið mikið niður og einungis nokkur hundruð skjöl tekin í einu en það reyndist vera viðráðanleg stærð til að byrja með. Í framhaldi af því var áfram unnið með forritun og endurbætur á virkni í GoPro/Málaskrá.

Haustið 2007 var tekin stöðuskýrsla um bæði tilraunaverkefnið, það er verkefnið hjá Ríkisskattstjóra er snerist um gerð vörsluútgáfu gagna úr gagnagrunni og verkefnið hjá menntamálaráðuneytinu. Verkefninu hjá Ríkisskattstjóra var nánast lokið á þeim tímapunkti en fyrirséð var að flækjustig og umfang verkefnisins hjá menntamálaráðuneytinu var mun meira en fyrirséð var. Farið var fram á aukafjárveitingu vegna þess verkefnis og fékkst hún. Sjá nánar um kostnað verkefnisins í kafla 7. Áætluð verklok voru þá sett í stöðuskýrslunni að ættu að eiga sér stað í október 2007 (fylgiskjal nr. 9). Í september þetta sama ár vann Hugvit í

samráði við Þjóðskjalasafn verkefnalista og sú áætlun gerði ráð fyrir að lokafrágangur á gögnum til Þjóðskjalasafns lyki í lok nóvember þá um haustið (sjá fylgiskjal nr. 12).

Í nóvember 2007 fékk Þjóðskjalasafn sendan afhendingarpakka frá Hugviti með rafrænum gögnum úr mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins. Afhendingarpakkinn var yfirfarinn af Þjóðskjalasafni og niðurstöður sendar tilbaka til Hugvits. Nýr afhendingarpakki var sendur nokkrum dögum síðar og var hann einnig villuprófaður af Þjóðskjalasafni og niðurstöður miðlað tilbaka, en ákveðin vandkvæði voru ennþá til staðar í afhendingarpakkanum. Í desember vann Þjóðskjalasafn ásamt menntamálaráðuneytinu að því að útbúa afhendingartilkyninguna á þar til gerðu formi (sjá fylgiskjal nr. 10).

Frá desember 2007 þar til í maí 2008 vann Hugvit áfram með þá virkni í GoPro/Málaskrá sem snéri að því að umbreyta málum og skjölum yfir í form sem hægt væri að skila í afhendingarpakka vörsluútgáfu. Á fundi í maí þetta ár var fyrirhugað að ljúka verkefninu með skýrslu um miðjan ágúst 2008 (sjá fylgiskjal nr. 13). Breytingar höfðu á þessum tímamarki orðið hjá lykilstarfsmanni Þjóðskjalasafns sem hafði fært sig um set yfir í Rekstrarfélagið.

Í febrúar 2009 var gerð keyrsla með 172 málum og 823 skjölum. Umbreytingarkeyrslan í GoPro keyrði út þessi gögn í form sem síðan var mótuð vörsluútgáfa eftir. Vörsluútgáfan var síðan afhent Þjóðskjalasafns til prófunar (sjá niðurstöður í fylgiskjali nr. 7). Samkvæmt þessari síðustu keyrslu virðist umbreytingin hafa gengið eftir, en stillingar í GoPro/Málaskrá og á skilamiðlara hefði þurft að laga í samræmi við það sem niðurstöður prófana sýndu til að fá endanlega samþykkt Þjóðskjalasafns á formi vörsluútgáfunnar.

Á stöðufundi Þjóðskjalasafns og Rekstrarfélagsins þann 4. mars 2009 (sjá fylgiskjal nr. 14) var ákveðið að verkefninu skyldi nú ljúka með tilliti til vinnu í GoPro/Málaskrá og formleg skýrslugerð vegna verkefnisins skyldi hefjast. Listi yfir formlega fundi sem haldnir voru í verkefninu eru birtur sem fylgiskjal nr. 15.

8.6 Ný verkefni hjá menntamálaráðuneytinu

Í ljósi þess sem að ofan greinir sem og því regluverki sem Þjóðskjalasafn gaf út í ágúst 2009, eru ný verkefni sem fylgja langtímavörslu rafrænna gagna fyrir menntamálaráðuneytið eftirfarandi:

1. Að tilkynna gagnagrunna til Þjóðskjalasafns.
2. Að tilkynna rafrænt mála- og skjalavörslukerfi til samþykktar og grundvallarbreytingar sem á því eru fyrirhugaðar.
3. Að sjá til þess að búnar verði til vörsluútgáfur gagna úr þeim rafrænu gagnakerfum sem ákveðið er af Þjóðskjalasafni að varðveita beri til langs tíma.
4. Að tryggja að nauðsynlegu verklagi sé fylgt við skráningu og vinnslu á þeim gögnum sem skráð eru í rafrænt mála- og skjalavörslukerfi. Endurskoðun á gildandi verklagi og/eða mótun á nýju þegar þess er þörf.

Samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn veitir safnið ekki aðgang í afhent skjöl fyrr en að tuttugu ár eru liðin frá afhendingu. Afhendingaraðili þarf því að veita aðgang að skjölum sínum þangað til, og því þarf að huga að því að rafræn gögn séu í öruggri vörslu og tryggt aðgengi

að þeim í allt að 20 ár frá afhendingu vörsluútgáfu gagna til Þjóðskjalasafns.¹⁶

8.7 Ný verkefni hjá Þjóðskjalasafni

Vinna við vörslu rafræna gagna er nýtt viðfangsefni hjá Þjóðskjalasafni og bætist við vinnu vegna pappírsskjalavörslu. Þau verk eru einkum eftirfarandi:

1. Að taka við tilkynningum á rafrænum skráum og gagnagrunnum, skrá þá og meta hvort og hvenær skila eigi gögnum úr þeim til Þjóðskjalasafns.
2. Að taka við tilkynningum á rafrænum skjalavörslukerfum, skrá þau og meta hvort þau uppfylli reglur Þjóðskjalasafns. Veita ráðgjöf um rafræna skjalavörslu og ákveða skil úr kerfunum.
3. Að vera í samskiptum við skjalamyndara þegar nálgast skil rafræna gagna og hefja afhendingarferlið formlega.
4. Koma upp móttökuverkstæði til að taka á móti og meta vörsluútgáfur frá skjalamyndurum. Einnig að skrá og halda utanum afhendingar og færa vörsluútgáfur á nauðsynlega geymslumiðla.
5. Að reka 2-3 geymslur sem geyma rafræn gögn á ólíkum vörslumiðlum til öryggis. Til öryggis þarf ein geymsla fyrir rafræn gögn að vera á öðrum stað en í núverandi húsnæði Þjóðskjalasafns.
6. Að vakta og viðhalda rafrænum gögnum í vörslu Þjóðskjalasafns til langs tíma.
7. Að afgreiða úr rafrænum gagnakerfum Þjóðskjalasafns þegar þar að kemur.¹⁷ Aðgengi að gögnum sem afhent hafa verið til Þjóðskjalasafns mun fara fram með hugbúnaðarkerfinu Sofia sem er í þróun hjá danska ríkisskjalasafninu. Þar hafa vörsluútgáfur verið settar inn í gagnagrunn og Sofia keyrir sem viðmót ofan á gögnin og gefur kost á að keyra gagnafyrirspurnir innan þeirra réttindatakmarkana sem gilda fyrir viðkomandi notanda. Aðgangur að rafrænum gögnum mun vera hið sama og aðgengi að pappírsskjölum er í dag hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Rafræn gögn munu verða aðgengileg á lestrarsal Þjóðskjalasafns eða t.d. hjá héraðsskjalasafni. Þjóðskjalasafn þarf síðar að móta nánar ferli við aðgengi að rafrænum gögnum í vörslu þess.

8.8 Ný verkefni hjá hugbúnaðarframleiðendum

Með útgáfu regluverks Þjóðskjalasafns í ágúst 2009 um rafræn gögn afhendingarskyldra aðila, tilkoma ný verkefni hjá hugbúnaðarframleiðendum:

1. Að tæknileg virkni mála- og skjalavörslukerfa sem innleidd eru hjá afhendingarskyldum aðilum sé í samræmi við útgefið regluverk Þjóðskjalasafns um rafræn gögn.
2. Að gera rafræn mála- og skjalavörslukerfi sem afhendingarskyldir aðilar innleiða í sinni starfsemi og sem skila ber gögnum úr, þannig úr garði að hægt sé að mynda

¹⁶ Sjá 9. gr í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1985066.html>

¹⁷ Um þessi atriði er fjallað nokkuð í skýrslu byggða á rannsókn á rafrænum skjala og gagnakerfum ríkisstofnana sem gerð var árið 2004. Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana. Könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2004. Maí 2005.

vörsluútgáfu til afhendingar til Þjóðskjalasafns. Þetta gildir einnig um önnur rafræn kerfi sem skila á gögnum úr.

3. Að kerfisleg virkni mála- og skjalavörslukerfis sé til staðar sem tryggir að gögn séu endurheimtanleg í upprunalegu formi þann tíma sem þau eru í vörslu afhendingaraðila, sbr. lið 5 í kafla 8.6.

8.9 Markmiðum náð í tilraunaverkefni menntamálaráðuneytisins

Með tilraunaverkefni menntamálaráðuneytisins voru sett fimm markmið og fer umfjöllun um hvernig tókst að ná hverju og einu markmiði hér að neðan.

1. Að taka út skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtímavörslu rafrænna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.

Gerð var úttekt á skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins og var það tilkynnt til Þjóðskjalasafns á þar til gerðu eyðublaði sem fylgir reglum um tilkynningu rafrænna mála- og skjalavörslukerfa. Einnig var gert afhendingaryfirlit fyrir þá vörsluútgáfu sem fyrirhugað var að skila, samkvæmt þeim drögum að reglum um afhendingu vörsluútgáfu. Markmið var að mestu uppfyllt, það hefði þó verið til bóta að gera nýja afhendingartilkynningu fyrir þá vörsluútgáfu sem var að lokum afhent.

Menntamálaráðuneytið sendi inn tilkynningu um rafrænt mála- og skjalavörslukerfi í júlí 2005. Samhliða tilkynningunni kom menntamálaráðuneytið með ábendingu um atriði sem betur mætti fara á því eyðublaði sem lagt var til grundvallar tilkynningarinnar. Tilkynningin og athugasemdir eru birtar sem fylgiskjal nr. 16.

2. Að búa til skilahæfa útgáfu á skjölum úr skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins. Slík vörsluútgáfa yrði byggð á reglum danska ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota og þýða.

Vörsluútgáfu af málum og skjölum var afhent í febrúar 2009 til Þjóðskjalasafns af Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga. Úttekt á vörsluútgáfunni er að finna í kafla 8.3. Þrátt fyrir að vörsluútgáfan sem afhent var, hafi ekki staðist reglurnar að öllu leyti, þótti sýnt að hægt væri að búa til gilda vörsluútgáfu mála og skjala samkvæmt reglum danska ríkisskjalasafnsins um vörsluútgáfu. Hluti þessa markmiðs nær yfir umbreytingarkeyrslu gagna í skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins, en við framkvæmd þess ferlis voru einkennir veigamiklir þættir sem lúta að endurheimt gagna í upprunalegri birtingarmynd í mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins. Sjá nánar umfjöllun í kafla 8.2.

3. Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending/móttaka vörsluútgáfu rafrænna skjalavörslukerfa krefst og býður upp á.

Þetta markmið náðist að miklu leyti þar sem gríðarlega mikilvæg reynsla fékkst með framkvæmd þessa verkefnis, hjá Þjóðskjalasafni, Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga og Hugviti. Þekking á formi vörsluútgáfu fékkst hjá öllum aðilum og augljóst er hvar vankantar GoPro/Málaskrá kerfis menntamálaráðuneytisins liggja sem og hvaða atriði eru í lagi við myndun vörsluútgáfu á málum og skjölum. Forrit voru fengin frá danska ríkisskjalasafninu og það mun aðstoða við öflun tækja á móttökuverkstæði Þjóðskjalasafns.

4. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.

Verkefnið veitti mjög mikilvæga reynslu sem nýtist Þjóðskjalasafni og afhendingaraðilum í framtíðinni við afhendingar rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns. Þá var það lærdómsríkt og fá fram hversu mikið umfang afhending rafrænna gagna getur verið afhendingarskyldum aðilum og hversu mikinn tíma það getur tekið að gera þau vörsluhæf. Einnig veitir verkefnið reynslu sem auðveldar mótun ferla við tilkynningu á rafrænum mála- og skjalavörslukerfum og hvernig staðið verður að mati á því hvort gögn úr kerfum verði afhent á rafrænu formi eða pappír.

5. Að meta hvaða ný verkefni/verkhættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu og skjalaskil.

Verkefnið veitti yfirsýn yfir hvaða vinnu þarf að framkvæma hjá þeirri stofnun (og jafnvel rekstraraðila hennar) sem afhendir vörsluútgáfu. Sjá nánar umfjöllun um ný verkefni menntamálaráðuneytisins í kafla 8.6. Að auki varpaði verkefnið ljósi á þætti sem snúa að hugbúnaðarframleiðendum mála- og skjalavörslukerfa, sjá nánar í kafla 8.8.

9. Fylgiskjöl

1. Greinargerð frá Hugvit
2. Auðlindir í allra þágu. Skilgreining Þjóðskjalasafns á tilraunaverkefnum.
3. Markmið verkefnisins og verkáætlun frá 11. ágúst 2005
4. Auðlindir í allra þágu. Fundur 28. Apríl 2005
5. Breytingar á lögum nr. 66/1985 12. september 2008
6. Endurskoðuð kostnaðaráætlun fyrir tilraunaverkefni með MRN og RSK
7. Niðurstöður prófana á vörsluútgáfu frá menntamálaráðuneytinu
8. Stöðuskýrsla frá apríl 2006
9. Stöðuskýrsla frá september 2007
10. Afhendingaryfirlit
11. Verkáætlun frá júlí 2006
12. Verkefnalisti frá 25. September 2007
13. Fundargerð 27. maí 2008
14. Fundargerð 4. mars 2009
15. Yfirlit yfir fundi vegna tilraunaverkefnis Þjóðskjalasafns og menntamálaráðuneytisins.
16. Tilkynning um rafrænt mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins ásamt athugasemdum um tilkynningareyðublað
17. Stöðuskýrsla frá ágúst 2007

Fylgiskjal nr. 1

Greinargerð frá Hugvit

Mat Hugvits á verkefninu um gerð vörsluútgáfu úr GoPro/Málaskrá

Tilgangur

Að meta möguleika á að útfæra rafræn skil á gögnum í GoPro/Málaskrá menntamálaráðuneytisins. Prufukeyra lausnir og útfæra samhliða þannig að hægt væri að meta möguleika á endanlegri úrfærslu rafrænna skila á gögnum frá Menntamálaráðuneytinu til Þjóðskjalasafns. Jafnframt var gert ráð fyrir að meta niðurstöðurnar sem væru lagðar til grundvallar þeim reglum sem Þjóðskjalasafn setur varðandi rafræn skil á rafrænum gögnum frá opinberum aðilum, ásamt því að meta hver væri besta tæknilega útfærslan fyrir framtíðarskil á gögnum úr GoPro/Málaskrá ráðuneytanna.

Forsendur

Gengið var út frá því að gera prufukeyrslu á uppsettu kerfi hjá Menntamálaráðuneytinu. Ekki er verið að vinna með staðlað GoPro heldur kerfi sem hefur verið aðlagð að óskum og þörfum hjá ráðuneytinum.

Niðurstöður

Ljóst var áður en verkefnið var hafið að samspil hugbúnaðar, reksturs og verklags þyrfti til að formleg skil yrðu árangursrík.

Ekki er hægt að ganga að því vísu að hægt sé að fara aftur í tímann og keyra út gögn úr lifandi tölvukerfum. Óvissuþættir varðandi þetta eru of margir rekstrarlega og verklagslega séð, sem og að sú líftímaumsjón hugbúnaðarins sem er fyrir hendi kemur einnig inn í.

Sá helsti lærdómur sem GoPro dregur af þessu verkefni er að samþætta þarf verklag starfsmanna er vinna við GoPro kerfið. Rekstur GoPro kerfisins verður að vera formlegur og taka tillit til áreiðanleika og upprunaútlits gagna og framþróun hugbúnaðarins þarf að hafa til hliðsjónar sömu atriði.

Verklag þarf að skilgreina og hvaða skráartegundir er stutt við á hverjum tíma. Einnig þarf að skilgreina hvernig breyta þarf handvirk úr óstuddum tegundum yfir í studdar þegar skjalaverðir undirbúa skjöl fyrir varðveislu. Til dæmis þarf að vera á hreinu þegar Autocad er undirbúið fyrir varðveislu, að því skal breyta í PDF.

Sem hluta af undirbúningi gagna fyrir sendingu í vörsluútgáfu, þar sem verklag og umbreyting á gögnum mætist, væri ráðlegt að keyra undirbúningskeyrslu þar sem raunkeyrsla umbreytingar á gögnum og myndun vörsluútgáfu er prófuð (“dry run”) og skjalastjóri fengi að vita um allar mögulegar undantekningar.

Fyrir skilin sjálf telur GoPro að lykilatriðið sé að allar skilakeyrslur séu keyrðar jafnóðum, þ.e.a.s. þegar skjal er komið í lokastöðu, ætti að keyra það út í skilaform, þó svo að heildarskilin séu keyrð út síðar. Þetta er eina leiðin til að tryggja að upprunalegt útlit gagna haldist í skilum, þar sem svo margt getur breyst í tímans rás.

Næstu skref GoPro í þessu máli er að tryggja að núverandi kerfi geti skilað gögnum sem uppfylla ofangreind atriði fyrir GoPro Professional þar sem verklag og hugbúnaður fer saman.

GoPro er þegar farið að huga að framtíðarhögun alls GoPro hugbúnaðarins þar sem skil verða stöðluð í gegnum GDF skjalastaðal GoPro, sem ætti að tryggja að skilin og útlit þeirra væru óháð GoPro kerfi.

05.05.2009, Reykjavík

Kristján Þ. Finnson, CTO GoPro

Fylgiskjal nr. 2
Auðlindir í allra þágu
Skilgreining Þjóðskjalasafns á tilraunaverkefnum.

Þjóðskjalasafn Íslands leggur til eftirfarandi verkefni á sviði rafrænnar stjórnsýslu

Heiti verkefnis:

Skil á rafrænum gögnum til langtímavörslu í Þjóðskjalasafni -tilraunaverkefni

Forsendur:

Eftir breytingar á stjórnsýslulögum er enn brýnna en áður að móta reglur og verklag við skil á rafrænum gagnasöfnum til langtímavörslu í Þjóðskjalasafni. Þar verður til ný starfsemi; móttaka, umsjón og afgreiðsla rafrænna skjala.

Ráðherraskipuð nefnd 1998 lagði til að ÞÍ byggði á aðferðum Dana. Miðað er við að ljúka þýðingu og staðfærslu reglna Dana seinni hluta árs 2004. Reglurnar verða þrjúþættar: 1) Reglur um rafræna gagnagrunna. 2) Reglur um gerð rafrænna skjalakerfa hins opinbera. 3) Reglur um afhendingar á rafrænum gögnum.

Stofnanir þurfa að afhenda gögn sín á fárra ára fresti (3-5) og því er mikilvægt að góðar verklagsreglur verði til strax í upphafi rafrænnar skjalavörslu. Því er nauðsynlegt að afla reynslu og skapa þekkingu á þessu sviði með sérstökum skilgreindum verkefnum.

Markmið:

- 1) Að taka út rafræna skjala- og gagnavinnslu tveggja stofnana á grundvelli nýrra reglna Þjóðskjalasafns þar að lútandi.
- 2) Að búa til skilahæfar útgáfur á rafrænum gögnum tveggja ríkisstofnana til Þjóðskjalasafns samkvæmt þeim reglum sem safnið setur 2004. Lagt er til að vinna slíkar afhendingarútgáfur hjá menntamálaráðuneyti og embætti ríkisskattstjóra. Menntamálaráðuneytið er fagráðuneyti skjalavörslu ríkisins og þess vegna valið til þátttöku. Hjá embætti ríkisskattstjóra hefur verið unnið brautryðjandastarf á sviði rafrænnar stjórnsýslu og þar er til mikið magn rafrænna gagna sem þarf að varðveita til langframa. Því er vænlegt að vinna með því embætti að rafrænum skilum.
- 3) Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
- 4) Að meta hvaða ný verkefni/verkpættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu og skjalaskil.
- 5) Hanna og teikna geymslur fyrir rafræn gögn í Þjóðskjalasafni. Ráðlegt er að greina í sundur geymslur fyrir rafræn gögn og geymslur fyrir pappírsgögn. Þá þurfa geymsluaðstæður rafrænna gagna að vera stöðugri en pappírsgagna og auk þess er til öryggis geymd tvö eintök hinna rafrænu gagna. Aðstaðan er nú ekki fyrir hendi í ÞÍ.

Fylgiskjal nr. 3

Markmið verkefnisins og verkáætlun frá 11. ágúst 2005

Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Menntamálaráðuneytis um skil á rafrænum skjölum til langtíma vörslu í Þjóðskjalasafni.

Hluti verkefnisins Auðlindir í allra þágu sem ríkisstjórnin skipuleggur um upplýsingasamfélagið.

Markmið:

1. Að taka út skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi MRN með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtíma vörslu rafræna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.
Að búa til skilahæfa útgáfu á skjölum úr skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi Menntamálaráðuneytis. Slík vörsluútgáfa yrði byggð á reglum danska ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota og þýða.
Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending/móttaka vörsluútgáfu rafræna skjalavörslukerfa/skjalastjórnarkerfa krefst og býður upp á. Menntamálaráðuneytið hefur í rúmlega 10 ár skráð, samið og skannað inn skjöl í rafrænu skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi. Því er vænlegt að vinna með því embætti að rafrænum skilum.
2. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
3. Að meta hvaða ný verkefni/verkpættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu/skjalastjórn og skjalaskil.

Endurskoðuð verkáætlun 11. ágúst 2005

Upphaf	Verkpáttur	Lok	Afurð
	Kynningar- og samráðsfundir aðila um verkefnið.	28.04.05	1. Yfirlit verkpátta, fyrsta verkáætlun.
28.04.05	Tilkynning skjalavörslukerfis/skjalastjórnarkerfis MRN til	30.08.05	1. Ýtarleg lýsing á notkun og uppbygginu

	Þjóðskjalasafns á eyðublaði ÞÍ með fylgiskjöllum.		kerfisins.
09.08.05	Þegar tilkynning hefur borist til ÞÍ þarf að fara yfir hvernig mismunandi hlutar og notkun kerfisins samræmast reglum ÞÍ um skil og langtímavörslu rafrænna gagna. Ákveða þarf út frá þessu til hvaða skjalaflokka og eða tímabils tilraunaverkefnið á að ná og meta hversu víðtæk vörsluútgáfan getur orðið.	12.09.05	<ol style="list-style-type: none"> 1. Yfirlit yfir þá þætti kerfisins sem huga þarf nánar að til þess tryggja rafræn skil á öllu kerfinu í framtíðinni. 2. Ákvörðun um þá skjalaflokka og tímabil sem tilraunaskilin taka til.
05.09.05	Kynningarfundur fyrir þátttakendur í verkefninu á innihaldi og kröfum afhendingarreglna.	05.09.05	<ol style="list-style-type: none"> 1. Sameiginleg þekking og skilningur á kröfum til afhendinga.
09.09.05	Undirbúningur afhendingarferlis. Verkefnið er að fara yfir afhendingarreglur skjalasafnsins: a) Hvaða upplýsingar eru til kerfið og notkun þess? b) Uppbyggingu kerfis, hugsanlega grísjun einstakra taflna. c) Uppbyggingu vensla í grunninum. d) Hvaða lýsigögn skulu fylgja vörsluútgáfu. e) Tímasetningu afhendingar. Sameiginlegir fundir, í ÞÍ 19. sept. og í MRN 26. sept.	26.09.05	<ol style="list-style-type: none"> 1. Sameiginleg þekking og skilningur á einstökum liðum afhendingar skjalavörslukerfa/skjalastjórnarkerfa og tækniútfærslum þeirra. 2. Drög að afhendingarreglum með viðaukum.
26.09.05	Í framhaldi tekur ÞÍ ákvörðun um afhendingu sem er formleg skrifleg afgreiðsla. Þar er ákveðið hverju skal skila, hvaða fylgigögn skulu fylgja geymsluútgáfu o.s. frv.	03.10.05	<ol style="list-style-type: none"> 1. Ákvörðun um afhendingu skjalastjórnarkerfis sem tilraunin nær til.
	Ákvörðun um afhendingu kynnt MRN, getur tekið breytingum til samræmis við athugasemdir MRN. Sameiginlegur fundur í ÞÍ 10. okt.	10.10.05	<ol style="list-style-type: none"> 1. Samkomulag og skilningur á forsendum ákvörðunar um afhendingu.
10.10.05	Í kjölfarið vinnur MRN að gerð vörsluútgáfu gagna úr þeim grunni eða grunnum sem ákveðnir hafa verið til tilraunarinnar. Fulltrúi ÞÍ er til ráðgjafar og aðstoðar við notkun hjálparforrita m.a.. Leita þarf til hugbúnaðarsala um tæknilega ráðgjöf og vinnu.	10.12.05	<ol style="list-style-type: none"> 1. Til verður fyrsta vörsluútgáfa úr skjalasafni ráðuneytis. Það ræðst hversu víðtæk sú vörsluútgáfa verður. 2. Til verður ný þekking sem nýtist til frambúðar. 3. Til verður aðferð og tæknileg lausn á

			gerð vörsluútgáfu.
15.12.05	Þegar vörsluútgáfa berst ÞÍ þarf að prófa hana. Bæði þarf að fara yfir það hvort vörsluútgáfan standist körfur sem gerðar eru í afhendingarreglum og hvort hún er í samræmi við ákvörðun um afhendingu.	24.01.06	1. Reynolds og þekking á prófunum. 2. Þjálfun í notkun forritsins TEA. 3. Fyrsta mótun vinnuferlis við móttöku og prófanir.
24.01.06	Endanleg gerð vörsluútgáfu brennd á diska til vörslu í ÞÍ.	13.02.06	1. Til er orðið fyrsta vörslueintak rafræns gagnagrunns í ÞÍ. Upphaf rafræns skjalasafns hins opinbera.
14.02.06	Skráning og mat á nýjum verkum og verkferlum í báðum stofnunum. Hvor aðili um sig skráir og metur umfang nýrra starfa.	28.02.06	1. Til verður yfirlit yfir ný verkefni og verkferla vegna skila og langtímavörslu rafrænna gagna bæði hjá MRN og ÞÍ.
21.02.06	Skýrslugerð um tilraunaverkefnið. Aðilar skipta með sér verkum en skýrslugerðin verður þó einkum á ábyrgð ÞÍ.	22.03.06	1. Skýrsla um verkefnið með niðurstöðum og mati á árangri.

EG/BMB 11.08.2005

Fylgiskjal nr. 4

Auðlindir í allra þágu. Fundur 28. apríl 2005

Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið

Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Menntamálaráðuneytis um skil á rafrænum gögnum til langtímavörslu í Þjóðskjalasafni.

Fundur 28. apríl 2005

Viðfangsefni fundarins er að fjalla um helstu verkþætti og tímasetja þá.

Tillaga Þ.Í.:

Yfirlit verkþátta:

- Samkvæmt væntanlegum reglum þarf að tilkynna skjalavörslukerfi til Þjóðskjalasafns á þar til gerðu eyðublaði. Fyrsta verk MRN væri því að tilkynna um skjalavörslukerfi sitt með því að fylla út eyðublað til slíkrar skráningar. Með þessari tilkynningu þarf að fylgja saga kerfisins:
 - Hvenær var kerfið tekið í notkun?
 - Hvenær hefur bréfalykli verið breytt? / (gildistími bréfalykils)
 - Hvenær hófst skönnun?
 - Hvað er til útprentað?
 - Hvenær var breytt úr málaskrá í alhliða kerfi? (Lokið 10. júní ?)
- Þegar tilkynning hefur borist til Þ.Í. er kerfið metið af Þ.Í. og tekin ákvörðun um skil. (Lokið 20. júní ?)
- Eiginlegt afhendingarferli hefst að þessu loknu (Hefst 10. ágúst ?)
Ferlið hefst á fundi Þ.Í. og MRN. Á þessum fundi verður farið yfir:
 - Afhendingarreglur skjalasafnsins.
 - Tímasetning afhendingar.
 - Skjölun – almennar upplýsingar um notkun kerfisins.
 - Yfirferð yfir uppbyggingu kerfisins, rætt um hugsanlega grisjun einstakra taflna, uppbyggingu vensla í grunninum, lengd sviða og svo framvegis.
 - Skjölun geymsluútgáfu.
- Í framhaldi tekur Þ.Í. svokallaða afhendingarákvörðun. Þar er ákveðið hverju skal skila, hvaða fylgigögn skulu fylgja geymsluútgáfu o.s. frv. Ákvörðunin getur tekið breytingum til samræmis við athugasemdir MRN. (Lokið 1. september ?)
- Að því loknu vinnur MRN eftir þessari ákvörðun og er fulltrúi Þ.Í. til ráðgjafar eftir því sem þörf krefur. (Lokið 1. nóvember ?)
- Þegar geymsluútgáfa berst Þ.Í. þarf að prófa hana. Bæði þarf að fara yfir það hvort geymsluútgáfan standist kröfur sem gerðar eru í afhendingarreglum og hvort hún er í samræmi við afhendingarákvörðun. (Lokið 1. desember ?)

BMB 26/04/2005

Fylgiskjal nr. 5

Breytingar á lögum nr. 66/1985 12. september 2008

Lög um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a.

Orðin „gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar“ í 2. tölul. falla brott.

b.

Á eftir 2. tölul. koma tveir nýir töluliðir og breytist röð annarra liða samkvæmt því:

3.

setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna (sbr. 3. gr.) afhendingarskyldra aðila,

4.

ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

4. gr.

Í stað orðsins „ljósrit“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: afrit.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 9. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Aðgangur að rafrænum skjala- og gagnasöfnum er þó fyrst veittur í Þjóðskjalasafni Íslands tuttugu árum eftir afhendingu þeirra til safnsins, enda hafi þau verið aðgengileg hjá umræddu stjórnvaldi til þess tíma.

6. gr.

Á eftir orðinu „filmum“ í 10. gr. laganna koma orðin: eða í rafrænu afriti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 12. september 2008.

Fylgiskjal nr. 6

Endurskoðuð kostnaðaráætlun fyrir tilraunaverkefni

Endurskoðuð kostnaðaráætlun fyrir tilraunverkefni með Mrn og Rsk við gerð rafrænna vörsluútgáfa, 2005-2006.

Aðkeyptir sérfr.	Vinnustundir			Kostnaður	
	Aðrir	Hugvit/Skýrr	Statens Arkiver		
Kynning á reglum Statens Arkiver (Isl/Dk)			35	294000	
Yfirllestur á reglum ÞÍ um rafrænnar skjalavörslu	8			50.000	
Afhendingarútgáfa rafrænna gagna búin til í mnr		400	*	20	3.768.000
Afhendingarútgáfa rafrænna gagna búin til í rsk		30	*	20	438.000
Prófun á afhendingarútgáfu mnr			8	67.200	
Prófun á afhendingarútgáfu rsk			8	67.200	
Afhendingarútgáfa rafrænna gagna lagfærðar		10	8	67.200	
Lokagerð afhendingarútgáfu prófaðar			8	67.200	
Almennt mat niðurstaðna			10	84.000	
Annað	8			72.000	
Vinnustundir alls		440	82		
Aætlaður kostnaður alls				4.974.800	
Aðrir verkþættir				Kostnaður	
Ferðakostnaður (Island- Dk)				1.200.000	
Önnur tengd ráðgjöf og þjónusta Dana			20	168.000	
Vélbúnaðarkaup vegna prófunar og geymslu				1.800.000	
Kostnaður alls				8.142.800	
Veittur styrkur				5.000.000	
Á vantar, neikvæð staða				-3.142.800	
Verkhloti með Mrn			Áætlun	5.436.400	
			Styrkur	2.500.000	
			Munur	-2.936.400	
Verkhloti með Rsk			Áætlun	2.706.400	
			Styrkur	2.500.000	
			Munur	-206.400	

* Í umsókn, er hljóðaði um 10 millj. kr. styrk (með vinnuframlagi aðila), var gert ráð fyrir 200 vinnustundum hjá ísl. verktökum í þessi verk sem greitt yrði af verkefni. Áætlun byggð á 5 millj. kr. styrk hljóðaði upp á 130 tíma. Nú hefur komið í ljós að verkið er kostnaðarsamara og því fer kostnaðaráætlunin upp í rúmar 8 millj. Ekki tekst að ljúka verkinu nema viðbótarfé upp á 3,1 millj. fáist. Þeir kostnaðarþættir sem ekki er merktir mnr eða rsk falla jafnt á báða verkhloti.

Einingaverð f. aðkeypta vinnu er ísl. verktakar kr. 9000, danskir verktakar kr. 8500.

Kostnaður greiddur 1. ap. 2006 var í bæði verkin kr. 1.383.445. Þar af í hluta verkefnis með menntamálar. kr. 311. 457. En í hluta með ríkisskattstjóra kr. 1.071.988.


Fylgiskjal nr. 7

Niðurstöður prófana á vörsluútgáfu frá menntamálaráðuneytinu

Prófanir á vörsluútgáfu menntamálaráðuneytisins

Prófanir á afhendingarpakka leiddu í ljós nokkrar villur. Hér að neðan er útlistað hvaða breytingar þarf að gera til fá pakkann til að keyra eðlilega.

Heitið á möppunum í afhendingarpakkanum þarf að breyta þannig að heitin séu sé bara 8 stafir. Einnig þarf að breyta heitinu á möppunni sem inniheldur afhendingarnúmerið, það er, möppuheitið þarf að byrja á **000** . -> Sjá mynd af möppustrúktúr hér að neðan. (Rótarmappan ætti sem sagt að vera **12222001**. Mikilvægt er að mappa undir þessari byrji á **000**, sem og að síðustu 5 tölurnar í heiti þeirrar möppu, verða að vera fremst í heiti möppunnar sem er fyrir ofan - 12222001).



Breyta þarf skráarnafni á skránni 111122223333.xml yfir í **00012222.xml**

FILMAP.TAB

Breyta þarf fremst í skránni þar sem vísað er í 111122223333.xml -> breyta þessu í **00012222.xml**

ARKIVER.TAB

Fremst á að standa **00012222B12222001**

SKABER.TAB

Dagsetning á að með sniðinu YYYYMMDD – snúa þarf henni við.

Í möppunni **GENFIL01** þarf að breyta heitinu á skránni úr 3dae.tif.tif í **3DAE.TIF** (athuga – bara nota stóra stafi!).

Breyta þarf skránni 0001222.xml til að fá tengsl taflnanna réttar. Breyta þarf reitnum **DocCat** í **Cases** þannig að skilgreiningin sé eftirfarandi:

```
<feltdef>
  <titel>DocCat</titel>
  <datatype>string</datatype>
  <bredde>15</bredde>
  <feltinfo>Bréfalykill skjals</feltinfo>
</feltdef>
```

Einnig þarf að bæta við foreign key skilgreiningu í Cases töfluna á þennan hátt:

```
<fn>
  <titel>DocCat</titel>
  <fremmedtabel>
    <titel>Jkeys</titel>
    <titel>JournalKeyNumber</titel>
  </fremmedtabel>
  <kardinalitet>m</kardinalitet>
  <kardinalitet>1</kardinalitet>
</fn>
```

Athugið að breyta þarf CASES.TAB skránni eftir að breytingin á DocCat skránni er gerð (sé verið að keyra þetta á skrár úr síðasta afhendingarpakka).

Nú ætti parse-ing á xml skjalið að keyrast án villuskilaboða og töflustrúktúrin að vera réttur sem og að GENINFO að vera í lagi.

Nokkrar villur eru þó enn vegna óleyfilegra tákna sem notuð eru inni í skjölunum.

Vörsluútgáfa prófuð og athugasemdir skjalaðar af JPS fyrir hönd ÞÍ. 23/2/2009

Athugasemdir sem bætt var við 10. ágúst 2009:

Skjöl sem vistuð eru á TIFF sniðmáti skal, samkvæmt reglum um afhendingu vörsluútgáfu, einnig skila sem textaskrá sem fellur undir möppuna TXTVER í vörsluútgáfunni. Í vörsluútgáfu menntamálaráðuneytisins voru textaskrárnar með, en það vantaði sjálfst meginmál skjalanna. Einungis lýsigögn komu fram í textaskránum.

Fylgiskjal nr. 8
Stöðuskýrsla frá apríl 2006

Stöðuskýrsla (HIGHLIGHT REPORT)



Heiti verkefnis	Vörsluútgáfa skjalavörslukerfis MRN	
Útgáfa	Lokagerð	Dags.: 21.04.2006
Höfundur:	Verkefnisstjóri/Tengiliður Eiríkur G. Guðmundsson/ Baldur Már Bragason	
Eigandi:	Þjóðskjalasafn Íslands og samstarfsaðilar	
Viðskiptavinur/notandi:	Þjóðskjalasafn Íslands. Stjórnarráðið. Stofnanir ríkisins.	
Samstarfsaðilar:	Menntamálaráðuneyti / Hugvit	

Tilgangur skjals (Purpose)

Tilgangur þessa skjals að taka út stöðu verkefnis með reglulegu millibili, t.d. árlega. Fá þarf fram stöðu og samanburð við áætlanir ásamt uppfærðri áætlun. Einnig er verið að kanna hvort einhver vandamál hafi komið upp eða hvort áhættuþættir hafi breyst.

Æskilegt er að texti sé stuttur og gagnorður. Ef þörf er á ítarlegum skýringum má senda þær með í fylgiskjölum.

Verkefnið

Tilgangur
Purpose

Langtíma varðveisla rafrænna skjalavörslukerfa.

Markmið
Objectives

1. Að taka út skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi MRN með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtímavörslu rafrænna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.
Að búa til skilahæfa útgáfu á skjölum úr skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi Menntamálaráðuneytis. Slík vörsluútgáfa yrði byggð á reglum danska ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota og þýða.
Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending/móttaka vörsluútgáfu rafrænna skjalavörslukerfa/skjalastjórnarkerfa krefst og býður upp á.
Menntamálaráðuneytið hefur í rúmlega 10 ár skráð, samið og skannað inn skjöl í rafrænu skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi. Því er vænlegt að vinna með því embætti að rafrænum skilum.
2. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
3. Að meta hvaða ný verkefni/verkpættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu/skjalastjórn og skjalaskil.

Stutt lýsing
Description

Úttekt á skjalastjórnunarkerfinu GoPRO hjá MRN og notkun þess. Gerð vörsluútgáfu gagnanna í kerfinu.

Tímabil sem fjallað er um
Period covered

2005

Fjárhagsleg afkoma frá upphafi

Upphaflega áætlaður heildarkostnaður	kr. 2.500.000
Raunkostnaður (líklegur m.v. nýjar áætlanir)	kr. 5.436.000
Fjármagn af lið 996 (Nýtt fé + mótframlag)	kr. 311.457
Ónotað af lið 996	kr. 2.188.543

Þetta tímabil (This period)

Staða tímaáætlunar
Schedule status

6 mánuðum á eftir áætlun.

Afurðum sem er lokið
Products completed

Úttekt á skjalastjórnarkerfi MRN og notkun þess.
Áætlun um gerð vörsluútgáfu.

Afurðum sem er ólokið
Products not completed

Vörsluútgáfa af gögnum kerfisins.

Kynning á verkefninu

Verkefnið hefur ekki verið kynnt sérstaklega fyrir utan að þess er getið þegar starfsemi Þjóðskjalasafns er kynnt.

Raunveruleg eða möguleg vandamál
Actual or potential problems

Verkefnið er dýrara en styrkurinn leyfir.

Endurskoðuð áhætta
Risk update

Verkefnið gæti fallið um sjálft sig ef ekki fæst fjármagn til að klára það.

Næsta tímabil (Next period): 2006-2007

Afurðum sem á að ljúka

Products to be completed

Vörsluútgáfa með gögnum úr skjalastjórnunarkerfi MRN.

Staða verkefnis-atriða

Project Issue status

Í biðstöðu meðan athugaðir eru frekari möguleikar á aukafjármögnun.

Ástand þolmarka

Tolerance situation

Verkefnið mun hvorki haldast innan marka fjárhagslega né ljúka á áætluðum tíma.

Breytingar sem hafa áhrif á fjárhags-áætlun eða tímaáætlun

Impact on budget and schedule

Ljóst er að kostnaður þriðja aðila við að útbúa vörsluútgáfu er mun meiri en gert var ráð fyrir. Sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun.

Fylgiskjal nr. 9
Stöðuskýrsla frá september 2007

Stöðuskýrsla (HIGHLIGHT REPORT) ¹



Heiti verkefnis	Varðveisla skjala og langtímavistun A: Vörsluútgáfa skjalastjórnarkerfis MRN (hét áður Rafræn skil til Þjóðskjalasafns) B: Vörsluútgáfa gagnagrunns hjá RSK
Fjárlagaár	2006

Útgáfa	4,0	Dags.: 4.9.2007
---------------	-----	-----------------

Ábyrgðarmaður:	Verkefnisstjóri/Tengiliður Eiríkur G. Guðmundsson/ Baldur Már Bragason
Eigandi:	Þjóðskjalasafn Íslands og samstarfsaðilar
Viðskiptavinur/notandi:	Þjóðskjalasafn Íslands. Stjórnarráðið. Stofnanir ríkisins.
Samstarfsaðilar:	Menntamálaráðuneyti / Hugvit Ríkisskattstjóri / Skýrr/

¹ Forsætisráðuneytið, skrifstofa upplýsingasamfélagsins (sími 545 8470) veitir fúslega ráðgjöf um útfyllingu skjalsins. Fyrirspurnir má einnig senda á gudbjorg.sigurdardottir@for.stjr.is og halla.bjorg.baldursdottir@for.stjr.is.

Tilgangur skjals (Purpose)

Skjal þetta er hluti af Prince2-verkefnisstjórnunarkerfinu. Tilgangur þess er að taka reglubundið út stöðu verkefnis. Fá þarf fram stöðu og samanburð við upphaflega viðskiptaáætlun (Viðskiptaáætlun er síðasti kaflinn í Verkefniságripi (Project Brief) sem lá til grundvallar verkefninu). Einnig er verið að kanna hvort einhver vandamál hafi komið upp eða hvort áhættuþættir hafi breyst.

Staða tímaáætlunar

Schedule status

16 - 18 mánuðum á eftir upphaflegri áætlun

Áætluð verklok (ef verkefninu er ólokið)	Október 2007
Stikkorð um á stöðu verkefnisins (Smellið á viðeigandi box og hakið við "Default value - Checked)	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið

Staða fjárhags-áætlunar

Budget status

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið	Kr. 7.500.000 (Skv. nýrri áætlun: raunkostnaður 7.244.719)
Verkefnafé: Fjárveiting frá lið upplýsingasamfélagsins	Kr. 5.000.000
Verkefnafé: Mótframlag stofnunar/ráðuneytis	Vegna aukins kostnaðar var lagt fram fé frá: 2.000.000 Menntamálaráðuneyti 500.000 Rekstrarfélag stjórnarráðsins
Útlagður kostnaður á árinu (alls)	2005: 2.500.000 til Þjóðskjalasafns 2006: 2.000.000 til Þjóðskjalasafns 2007 jan: 1.000.000 (þar af 500.000 aukagreiðsla frá mnr til þí)
Óráðstafað verkefnafé í lok árs	Kr. 0 en ógr. aukagr. 2007 1.500.000

Afurðum sem er lokið

Products completed

A: Úttekt á skjalastjórnarkerfi MRN og notkun þess. Áætlun um gerð vörsluútgáfu (MMR05080189)
 B: Úttekt á gagnagrunnum. Listi yfir gagnakerfi RSK og upplýsingum um hver þeirra þarf að varðveita til langframa. Fyrsta útgáfa vörsluútgáfu gagna tilbúin. Vörsluútgafan stóðst ekki fyrstu prófun og er unnið að úrbótum. (Lauk í maí 2007).

Afurðum sem er ólokið

Products to be completed

A: Forritapakki í GoPRO. Vörsluútgáfa af gögnum kerfisins. Skýrsla.
 B: Lokagerð vörsluútgáfu VSK2000 var ólokið í árslok 2006. Að meta hvaða ný verkefni/verkefni verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu og skjalaskil. Skýrsla.

Vandamál sem komið hafa upp eða eru fyrirsjáanleg

A: Verkefnið er dýrara en styrkurinn leyfir. Forritunarvinna Hugvits reynist mun meiri en ráð var fyrir gert en er óhjákvæmileg.

Endurskoðuð áhætta
Risks update

A: Gögn (hvaða gögn?) ekki fullnægjandi, viðtökupróf erfið, reklar fyrir útprentun, GDF skilgreining

Ástand þolmarka
Tolerance situation

Bæði Menntamálaráðuneytið, Rekstrarfélag stjórnarráðsins og Þjóðskjalasafnið hafa sett aukið fé í þetta verkefni og mun verkið haldast innan hinna nýju fjárhagslegu marka. Verkefninu mun hins vegar ekki ljúka á áætluðum tíma, en það mun ekki draga úr notagildi þess.

Breytingar sem gætu haft áhrif á fjárhags- eða tímaáætlun
Impact on budget and schedule

Ekki er búist við breytingum sem hafa frekari áhrif á fjárhagsáætlun. En til þess að búa til vörsluútgáfu með gögnum úr skjalastjórnaverki MRN þarf að hanna og forrita viðbót við skjalastjórnaverkið GoPRO. Gerð þessarar viðbótar er í höndum Hugvits og á að ljúka árið 2007.

Fylgiskjal nr. 10

Afhendingaryfirlit

fyrir

Afhendingaraðili: Menntamálaráðuneyti

Tölvukerfi: Málaskrá

Innihald afhendingar:

- Vörsluútgáfan á að innihalda gögn frá 1.1.2004 til 31.12.2007
- Vörsluútgáfunúmer er: 00010002
Fyrsti geisladiskur fær númerið: 10002001
- Hjálpartöflurnar ARKVER.TAB og SKABER.TAB fyllast út samkvæmt viðauka.
- Eftirfarandi skjöl eiga að fylgja sem almennar upplýsingar:
 - Þetta afhendingaryfirlit
 - Einindavenslarit
 - Handbók með málaskrá
 - Verklagsreglur
 - Bréfalykill
- Afhendingardagur vörsluútgáfunnar er: samkomulagsatriði.

17.12.2007

Baldur Már Bragason

Töflurnar ARKVER.TAB og SKABER.TAB skulu fylltar út á eftirfarandi hátt:

ARKVER.TAB (1 færsla):

Vörslunr (8): 00010002

Afhteg (1): A

Miðilsauðk (8): 10002001

Fyrriafhend (8):

Kerfisheiti (256): Málaskrá

Upphdags (8): 19990101

Lokadags (8): 20031231

SKABER.TAB (1 færsla):

Höfundur (256): Menntamálaráðuneytið

Upphafsdagsetning: 19990101

Lokadagsetning: 20031231

Fylgiskjal nr. 11
Verkátun frá 12. júlí 2006.

SAMÞYKKT VERKÁÆTLUN

PRINCE 2

Varðveisla skjala og langtímvistun

Úgáfa: Drög 3. útgáfa
Dags: 12. júlí 2006

Höfundur:

Friðrik G. Guðnason /
Sveinn Hannesson /
Guðmundur
Kjærnested

Eigandi/Ábyrgðamaður:

Sveinn S. Hannesson

Viðskiptavinur:

Rekstrarfélag
stjórnarráðsins

Samþykkt verkáætlun

Verkefni: Varðveisla skjala og langtímavistun	
Útgefandi skjals: Sveinn S. Hannesson	Dagsetning: 12.07.2006
Staðsetning skjals (málsnúmer): 2005111460	Næsta útgáfa: <óþekkt>

Eigandi verkefnis: Sveinn S. Hannesson	Samþykki
	Undirskrift: _____ Nafn: _____
	Dagsetning: _____
Verkefnastjóri:	Undirskrift: _____ Nafn: _____
	Dagsetning: _____
	Dagsetning: _____

Tilgangur skjalsins

Tilgangur þessa skjals er að skilgreina verkefnið, mynda grunn fyrir stjórnun þess og mat á endanlegum árangri.

Tilgangur/Markmið/Bakgrunnur

Verkefni þetta fellur undir rammisamning um þróunarsamstarf milli GoPro ehf. og Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga sem skrifað var undir 1. júní 2005. Líta má á þetta verkefni sem fyrsta skref við úrlausn 6. liðar þess samnings, "Varðveisla skjala og langtímavistun".

Markmið verkefnisins snýst um að svara kröfum Þjóðskjalasafnsins um að vista gögn til langs tíma á rafrænu formi, að skjölum í GoPro verði varpað á slíkt form.

Verkinu er skipt upp í 3 fasa:

Fasi 1 – "Pilot"

- Bregðast við þeim athugasemdum og kröfum sem STJR hefur tekið saman gagnvart núverandi geymsluskrá (e:box).
- Undirbúningur fyrir rafræn skil úr Málaskrá. Markmiðið er að vinna alla undirbúningsvinnu tengt Málaskrá til að gera rafræn skil möguleg þegar ákvörðun um staðla, form og annað slíkt liggur fyrir hjá Þjóðskjalasafni.
- Gert er ráð fyrir að byggt verði á núverandi geymsluskrá
- Lausnin verði með þeim hætt að hún sé "opin" gagnvart sjálfum kröfunum um skilin sjálf

Fasi 2 – PSS skilaserver

- Í þessum öðrum fasa er ekki gert ráð fyrir endanlegri úrlausn rafrænna skila – skilin munu vera skv. settum reglum en einungis verða útfærðir takmarkaðir möguleikar til rafrænna skila (ekki útfærð öll þau atriði sem reglur Þjóðskjalasafns bjóða upp á) auk þess sem kostnaði verður haldið í lágmarki á kostnað þæginda við notkun lausnarinnar. Lausnin verði þó þannig að hægt verði að skila með rafrænum hætti öllum þeim gögnum sem eru í Málaskránni í dag

Fasi 3 – Innleiðing "rollout"

- Rafræn skil gerð aðgengileg öllum ráðuneytum. Gert er ráð fyrir að Rekstrarfélag Stjórnarráðsins sjái um "rollout" en GoPro aðstoði við tæknileg vandamál.

Samþykkt verkáætlun

Dags: 22.06.2006


- Hnókrar sem kunna að hafa hafa komið upp úr fasa 2 sniðnir af lausninni og sú reynsla sem fengin er nýtt til að ljúka verkefninu um rafræn skil sem slíku.

Þetta PID skjal nær til allra fasa verkefnisins,. Gert er ráð fyrir því að fasa 1 ljúki fyrir lok október 2006 og fasa 2 fyrir desember 2006. Fasa 3 líkur eftir þörfum Stjórnarráðsins.

Skilgreining verkefnis og verkefnaáætlun


Lýsing

Gróft yfirlit verkefnisins má sjá í neðangreindri mynd. Myndin sýnir heildarlausn um rafræn skil en verkefnið snýr að fyrstu tveim þáttunum, þe Skrá rafræn skil og Undirbúa gögn. :



Verkefni fyrsta fasa snýr að því að vinna þá kerfishluta sem fram koma hér að ofan fyrir utan ÞSS skilaserver.

Ofangreind verkefni ættu þannig að tryggja að verklagslega geti lausnin uppfyllt það sem fram kemur í neðangreindri mynd:



Gert er ráð fyrir að sú uppstilling á þjónustum ásamt því verklagi sem fram kemur í ofangreindum myndum nægi til rafrænna skila á völdum málum úr málaskrá Menntamálaráðuneytisins.

Umfang

Umfang fasa 1 samanstendur af eftirfarandi verkefnum

e:box ábendingar vegna pappírsskila

Markmið þessa verkliðar er að ganga frá fyrirliggjandi ábendingum og athugasemdum ráðuneytanna vegna pappírsskila og er þessi verkliður ótengdur rafrænum skilum sem slíku.

e:box viðbót fyrir rafræn skil

Markmið þessa verkliðar er að auðga núverandi e:box lausn á þann hátt að hún uppfylli einnig verkferli við rafræn skil. Til að svo megi verða þarf að bæta við nauðsynlegum og nægjanlegum sjónarhornum ásamt nýjum aðgerðum sem tengja e:box við aðrar nauðsynlegar þjónustur heildarlausnar um rafræn skil.

Í fasa 1 er áherslan lögð á skilin sjálf á kostnað einfaldleikans. Í fyrstu atrennu verður því verkferlið sjálft mjög gagnsætt í gegnum neðangreind sjónarhorn en stefnt er að því í fasa 2 að ítra ferlið og með því fækka og einfalda sjónarhornin sem og skilaferlið sjálft.

Fyrsta upplegg að sjónarhornum og aðgerðum þeirra er skv. því línulega ferli sem fram kemur hér að neðan, gert er ráð fyrir að skjöl sem á að skila hefji för sína í skrefi 2 og endi í skrefi 6:

1. Skilgreining skila

Sjónarhorn sem inniheldur 1 skilgreiningarskjal fyrir hver rafræn skil (skilanúmer, staðsetning á TIF úttaki, hvaða bréfalyklastigveldi skal innifela í skilunum, hvort og þá hvaða efnisorðalista á að skila með, TIF eintök af verklagsreglum sem eiga að fara með sem fylgigögn)

2. Skjöl til yfirferðar

Sjónarhorn sem inniheldur aðgerðir til að yfirfara skjöl (á sama hátt og fyrir pappírsskil). Til viðbótar verður hér aðgerð til að senda skjöl í myndbreytingu yfir í TIF (sendir beiðnir á Conversion server) og um leið útbúa textaútgáfu skjalsins

3. Skjöl til myndbreytingar

Sjónarhorn sem gerir notanda mögulegt að yfirfara þau skjöl sem ekki tókst að myndbreyta (TIF og texti), og þegar lagfæring hefur átt sér stað, að senda þau aftur í myndbreytingu.

Samþykkt verkáætlun

Dags: 22.06.2006

4. *Skjöl til rafrænna skila*

Sjónarhorn sem birtir öll skjöl sem tilbúin eru til rafrænnar umbreytingar. Hér væri aðgerð sem setur af stað rafræn skil gagnvart öllum skjölum sem hér eru (sendir öll grunngögn á ÞSS skilaserver ásamt TIFF eintaki, GDF eintaki og textaeintaki hvers skjals sem á að skila). Nauðsynlegt er að þessi útfærsla verði almenn en ekki miðuðu eingöngu við Danska staðalinn.

5. *Lokafrágangur skila*

Sjónarhorn sem birtir öll skjöl sem send hafa verið á ÞSS skilaserver en hafa enn ekki verið frágengin í GoPro eftir hin eiginlegu skil. Hér væri aðgengi að því að færa skjöl til baka í skref 4 auk þess að ganga endanlega frá þeim (byggt á þeim upplýsingum sem ÞSS skilaserver gaf frá sér eftir endanlegan frágang skilanna).

6. *Frágengin skil*

Sjónarhorn sem birtir yfirlit yfir þau skjöl sem búið er að skila. Þau eru flokkuð eftir skilanúmeri.

Gera þarf ráð fyrir því að verið sé að skila skjölum úr aðlöguðum GoPro þar sem skilaskjöl munu samanstanda af:

- stöðluðum grunnformum
- stöðluðum grunnformum með aðlögunum
- sérsniðnum skjalagerðum (fréttatilkynning, frjálst form, fundargerð, bréf)

Conversion server

Markmið myndbreytingarþjónustunnar er að umbreyta skjölum ásamt viðhengjum í GoPro yfir á multi-page TIFF form (þ.e. hvert skjal í GoPro umbreytist í eina TIFF mynd og hvert viðhengi skjals umbreytist í eina TIFF mynd o.s.frv.) auk þess sem þjónustan þarf einnig að geta myndbreytt skjölum og viðhengjum yfir í hreinan óformaðan texta.

Sama þjónusta mun verða notuð fyrir aðra þætti í málaskrárumhverfi STJR, svo sem

- Skjöl úr málaskrá send sem PDF
- Umbreytt skjöl send á milli ráðuneyta
- Umbreyting skjala yfir í PDF-archive

Skilgreining á verkliðum tengdum Conversion miðlaranum liggja utan þessa verkefnis og eru hluti af verkefninu "PDF tenging Málaskrár STJR".

ÞSS skilaserver

Markmið þessarar þjónustu er að taka á móti gögnum úr GoPro, forma þau og ganga frá. Þjónustan sér um að taka á móti grunnupplýsingum um skil ásamt eintaki allra skjala sem á að skila (sjá yfirlitsmynd efst í kaflanum). Hvert skjal sem slíkt samanstendur af:

- GDF eintak (inniheldur allar grunnupplýsingar skjalsins)
- TIFF eintak (myndbreytt eintak skjalsins, eða tilvísun í slíka mynd)
- TXT eintak (ef við á er textainnihald skjalsins eða tilvísun í slíka skrá einnig sent með – innihaldið er texti skjalsins sem hrár, óformaður texti)

Þjónustan tekur á móti öllum þeim gögnum sem skila á, formar þau á réttan hátt skv. reglum Þjóðskjalasafns og skilar að því búnu yfirliti yfir það sem gert var þ.a. e:box geti uppfært GoPro skjölin til samræmis.

Tímarammi – verkáætlun - kostnaður

Á sama hátt og í verklýsingunni hér að ofan er verkáætlunin brotin niður í stök verkefni. hægt er að framkvæma nokkur þeirra óháð öðrum háð því hversu margir starfsmenn eru aðgengilegir til verksins. Skv. þeirri framsetningu sem hér er sett fram þar sem verkið fer af stað í byrjun ágúst 2006 ætti fyrsta fasa að vera lokið seinni hluta október 2006. Síðari fasar verða unnir eftir PID skjali sem gert verður þegar ákvörðun liggur fyrir um útfærslu.

Samþykkt verkáætlun

Dags: 22.06.2006

Eins og fram kemur í uppbroti verkefnisins samanstendur verkefnið af :

a. e:box ábendingar vegna pappírsskila

Áætlaður tími: 6 dagar

b. e:box viðbót fyrir rafræn skil

Áætlaður tími: 35 dagar

c. Conversion server

Þessi verkliður ásamt kostnaði við hann liggur í verkefninu "PDF tenging Málaskrár STJR" en um er að ræða forsendu þess að hægt sé að ljúka rafrænum skilum. Af því leiðir að verkliðurinn er gerður sýnilegur hér en er hinsvegar ekki reiknaður inn í kostnað þessa verkefnisins.

d. PSS skilaserver

Áætlaður tími: 20 dagar

e. Annað

Uppsetning og frágangur athugasemda: 10 dagar

Kostnaður

Kostnaður STJR við verkefnið ásamt uppsetningu hjá Menntamálaráðuneytinu (hluti af lið 5) er 5.000.000 - án vsk.

Gert er ráð fyrir að 2 milljónir séu greiddar við undirskrift verkefnislýsingar, 2 milljónir greiddar 1 desember og afgangur 5 janúar.

ATH. Viðbótarkostnaður getur hlotist m.a. vegna þeirra liða sem fram koma í næsta kafla ("Forsendur, undanfarar og fyrirvarar").

Verði hætt við verkefnið af einhverjum ástæðum greiðir STJR helming áfallins kostnaðar og Hugvit helming.

Forsendur, undanfarar og fyrirvarar

Tengsl verkefnis við ráðuneyti-í-ráðuneyti verkefnið

Skilgreining á GDF formattinu þarf að liggja fyrir (fyrsta útgáfa liggur fyrir í dag). Hugsanlega kann þetta verkefni að kalla á viðbætur eða aðlaganir á því sem liggur fyrir í dag.

Tengsl verkefnis við verkefnið "PDF tenging Málaskrár STJR"

Forsendur þess að myndbreyting gagna yfir á TIFF og textaform er að þeim liðum í verkefninu "PDF tenging Málaskrár STJR" sé lokið.

Sérstakur server (vélbúnaður) þarf að vera til staðar til að keyra nauðsynlegar þjónustur

Hugsanlegt er að farið verði fram á eintak af R7 server/client til að vinna með rafræn skil (ath. slíkt gerir ekki kröfu á að ráðuneytin sem slík noti R7 almennt en gerir hinsvegar kröfu á að sérstök vél sé til staðar sem keyrir R7 server og R7 client). Sama vél mun einnig verða nýtt til að keyra PSS Serverinn sem sér um að pakka saman rafrænu skilunum. Koma þarf í ljós hvers þegar nær dregur í verkefninu hvortsú þjónusta verður .NET baseruð eða J2EE.

Samstarf við Þjóðskjalasafn og gögn frá þeim aðgengileg

Nauðsynlegt að gögn frá Þjóðskjalasafni séu rétt. Gera má ráð fyrir því að ef gögn vanti, séu óskýr, eða þá ekki í samræmi við þau "validation" tól sem koma frá danska Þjóðskjalasafninu komi það til með að skapa talsverða leiðréttingavinnu/rannsóknarvinnu sem ekki er gert ráð fyrir í verkefninu.

"Validator" frá danska Þjóðskjalasafninu, sem yfirfer skilin og tryggir að þau séu skv. settum reglum, þarf að liggja fyrir snemma við gerð lausnarinnar þannig að hægt sé að nota það tól reglulega við smíði lausnarinnar.

Samþykkt verkáætlun

Dags: 22.06.2006

Afurðir verkefnisins og skilyrði fyrir viðtöku

Um þrenns konar skil er að ræða:

a) Ábendingar gagnvart e:box

Afurð verkefnisins er að gengið hefur verið frá innsendum ábendingum STJR vegna pappírsskila í e:box og skil pappírsskil geti farið fram.

Viðtaka á e:box ábendingum er sú að farið verður yfir þá ticketa sendir hafa verið inn til Hugvits úr ábendingakerfi STJR og þeir hakaðir út hver og einn.

b) Rafræn skil

Afurð verkefnisins (þ.e. að loknum öllum fösum verkefnisins) er að hægt sé að skila rafrænt úr málaskrá Menntamálaráðuneytisins og að þau skil uppfyllir þær reglur sem Þjóðskjalasafn hefur sett um rafræn skil. Viðtaka á þessum lið er háð því að skilin uppfylli reglur Þjóðskjalasafns, þ.e. að "Validator" tólið sem Þjóðskjalasafn mun afhenda gefi grænt ljós á að um rétt og lögleg skil sé að ræða út frá afhendingu lausnarinnar.

c) Næstu skref

PID skjal fyrir næsta fasa liggur fyrir og hefur verið lagt fyrir STJR.

Undanskildir þættir/skorður

- Hugvit hefur endanlegan ákvörðunarrétt um hvað fer inn í kjarna GoPro. Þarfir stjórnarráðsins sem falla utan kjarna GoPro munu fara í núverandi farveg fyrir sérslausnir STJR.
- Nauðsynlegir reklar og annar hugbúnaður þriðja aðila sem reynist nauðsynlegur til að leysa verkefnið er ekki innifalinn.

Verkefnastjórn

Stýrihópur:

STJR: Guðmundur H. Kjærnested, Ásgerður Kjartansdóttir, Edda Rúna Kristjánsdóttir og Hrafnhildur Tryggvadóttir

Þjóðskjalasafn: Baldur Már Bragason

Verkefnisstjóri verkkaupa: Guðmundur H. Kjærnested

Verkefnisstjóri verktaka: Sveinn Hannesson

Samskipta áætlun / Boðleiðir

Stöðufundir verða haldnir eftir því sem óskað er, þó eigi sjaldnar en mánaðarlega og eigi oftár en vikulega nema skv. sérstöku samkomulagi þess efnis. Verkefnastjórar verkkaupa og verktaka sjá sameiginlega um að boða og halda fundina. Ekki er gert ráð fyrir formlegum stöðuskýrslum sem slíkum.

Aðilar sem koma að verkefninu

Þar sem verkefnið er að hluta tengt öðrum verkefnum, bæði "Ráðuneyti-í-ráðuneyti", "PDF stuðningur", "Rafrænar undirskriftir", þurfa verkefnastjórar þeirra verkefna einnig að vera aðgengilegir vegna sameiginlegra þátta sbr.

- Conversion server almennt vegna TIFF/TXT/PDF/PDFA stuðnings
- PDF stuðningur fyrir notendur
- Rafrænar undirskriftir
- Skilgreining á GDF

Breytingastjórnun og meðhöndlum frávika

Ábendingakerfi STJR verður notað til að halda utan um ábendingar STJR á meðan á verkefninu stendur. Ticket kerfi Hugvits verður notað fyrir eiginlega útfærslu og vinnu verkefnisins. Tengslum hefur nú þegar verið komið á milli þessara kerfa í dag sem lið í þróunarsamstarfi Hugvits og Ráðuneytanna.

Á verkefnistímanum verða reglulegir fundir þar sem verkefnastjórar hvors aðila fyrir sig fara í gegnum ábendingar og óskir um viðbætur og flokkað verður hvað liggur innan verkefnisins og hvaða atriði flokkast sem viðbætur. Semja þarf sérstaklega um þá liði sem flokkast sem viðbætur.

Skráðir áhættuþættir

Hvaða áhættuþættir eru þekktir í upphafi. Þessi listi kemur úr áhættuskránni sem verður viðhaldið í gegnum verkefnið.

Áhættuþættir	Afleiðingar	Líkur	Áhrif	Aðgerðir
Gögn frá Þjóðskjalasafni ekki fullnægjandi/rétt	miklar	meðal	mikil	Halda Baldri vel upplýstum um gang verkefnisins.
“Validator” tól verði til vandræða og erfitt að hafa viðtökupróf	Miklar – ekki hægt að skila verkefninu	litlar	mikil	Halda Baldri vel upplýstum um gang verkefnisins.
Ekki finnast réttir reklar fyrir TIFF/TXT útprentun	Miklar	litlar	mikil	Skoða strax í upphafi verkefnis hvaða reklar koma til greina og sannreyna að þeir gangi. (tengist PDF verkefninu)
GDF skilgreining liggur ekki fyrir	Miklar	meðal	miklar	Semja þarf sérstaklega um að skilgreiningarfasi GDF í ráðuneyti-í-ráðuneyti verkefninu flytjist yfir í þetta verkefni. Slíkt mun þó hafa áhrif á skil verkefnisins.

Fylgiskjal nr. 12

Verkefnalisti frá 25. September 2007

Rafræn skil til Þjóðskjalasafns Íslands

Markmiðið með þessu skjali er að gefa yfirlit yfir þá verkþætti sem búið er að vinna í verkefninu, stöðu þeirra og hvaða verkþætti á eftir að vinna.

Verkefninu er hægt að skipta í þessa 3 meginþætti :

- a) Verklag í GoPro (málaskrá) við að velja og undirbúa gögn fyrir rafræn skil
- b) Skilaserver sem tekur á móti gögnum frá GoPro og kemur á gilt form fyrir rafræn skil til Þjóðskjalasafns Íslands
- c) ÞÍ yfirfer gögn frá skilaserver

A) Velja og undirbúa gögn fyrir rafræn skil

Í þessu felst að útbúa viðbætur við GoPro sem innihalda nauðsynleg sjónarhorn og aðgerðir þannig að skjalaverðir geti :

- Skilgreint rafræn skil og fylgiskjöl með skilum
- Valið þau gögn sem á að skila og sett af stað aðgerðir sem breyta viðkomandi skjölum á rétt form fyrir skil
- Búið til rafrænan skilapakka sem sendur er á skilaserver

Staða:

Þetta verkferli er tilbúið fyrir þó nokkru síðan og hefur verið kynnt fyrir STJR. Hugvit lítur svo á að þessum lið sé lokið.

Næstu skref:

i) keyra út prótótýpukeyrslu

B) Skilaserver – Hugbúnaður sem tekur á móti skilapakka og umbreytir á það form sem er gilt fyrir rafræn skil til Þjóðskjalasafns

Þetta er hugbúnaður sem keyrir á skilapakka sem búinn hefur verið til í GoPro.

Gögn í skilapakkanum eru lesin og þeim komið á það form sem gilt er fyrir rafræn skil til Þjóðskjalasafns Íslands.

Staða:

Fyrstu prófunum er lokið, þar sem tekin eru prufugögn út úr GoPro og þau send á skilaserver sem síðan keyrir á gögnin og býr til rafrænu skilagögnin.

Það á eftir að ganga frá einhverjum minniháttar breytingum/viðbótum varðandi stilliskrár sem fylgja með skilunum og er best að gera það þegar frekari prófunum er lokið.

Næstu skref:

Gera frekari prófanir með því að keyra á skilapakka frá GoPro sem inniheldur raungögn (eða prufugögn sem líkjast mjög raungögnum).

C) ÞÍ yfirfer gögn frá skilaserver

ÞÍ fer yfir þau gögn (t.d. með TEA hugbúnaðinum) sem skilaserver býr til og gengur úr skugga um að þau séu í lagi og á réttu formi.

Staðan:

Búið er að fara yfir tvo prufu skilapakka sem búnir voru til úr profukerfi.

Hugvit og Þjóðskjalasafnið hafa skoðað niðurstöðurnar úr þessu í sameiningu og gert nauðsynlegar lagfæringar þannig að skilin verði lögleg.

Næstu skref

Fara yfir stærri skilapakka sem skilað verður með raungögnum frá STJR (eða profugögnum sem líkjast mjög raungögnum) sbr. lið A) hér að ofan.

Samantekt á útistandandi þáttum

Hér kemur listi yfir þá verkþætti sem eru útistandandi ásamt uppástungu um það hvenær þeim skuli lokið.

Nr.	Verkþáttur	Atriði	Tímar	Ábyrgur	Ljúkist fyrir
1	A) GoPro viðbætur	Keyra prototýpukeyrslu – þ.e. búa til skilapakka sem samanstendur af raungögnum (eða profugögnum sem líkjast mjög raungögnum)		STJR	13.10.2007
2	B) Skilaserver	Frekari prófanir sem felast í því að keyra á skilapakka (sjá atriði nr. 1) og nauðsynlegar breytingar í framhaldi af þeim prófunum.		Hugvit	27.10.2007
3	C) Gögn til ÞÍ	Yfirfara gögn sem til verða í lið nr. 2	40	ÞÍ/Hugvit	03.11.2007
4	B) Skilaserver	Gera nauðsynlegar breytingar á stilliskrá og fylgiskrá fyrir rafræn skil		Hugvit/ÞÍ	10.11.2007
5	C) Gögn til ÞÍ	Lokaprófanir á skilapakka með réttum stilliskrá og fylgiskrá	60	Hugvit/ÞÍ	24.11.2007
6	C) Gögn til ÞÍ	Lokafrágangur á skilaserver		Hugvit/ÞÍ	24.11.2007

Fylgiskjal nr. 13
Fundur 27. maí 2008

Fundargerð

Fundur í menntamálaráðuneyti, skrifstofum Rekstrarfélags stjórnarráðsins, 27. maí 2008 kl. 13.30-14.10.

Fundarefni: Gerð vörsluútgáfu skjalavörslukerfis MRN.

Mætt: Guðmudur H. Kjærnested, Baldur Már Bragson, Ásgerður Kjartansdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson.

Farið var yfir stöðu verkefnisins. Staða máls er sú að skilaservert gerður af Hugviti er að vinna á gögnum Mrn. Unnið er með fjögurra ára skjalavörslutímabil, upb. 60 þ. skjöl. Lokið er um þriðjungi verks. Reikna má með að það taki nær allan mánuðinn að ljúka verkinu.

Var eftirfarandi áætlun um lok verkefnisins Vörsluútgáfa skjalastjórnarkerfis MRN samþykkt:

1. 26. júní 2008: Fyrstu vinnslu gagnanna verður lokið og þær fara í prófun hjá ÞÍ.
2. 7. júlí 2008: Niðurstöður fyrstu prófunar ÞÍ.
3. 17. júlí 2008: Lokaskil á gögnum til ÞÍ
4. 15. ágúst 2008: Skýrsla um verkefnið liggur fyrir.

Baldur mun ljúka verkefninu að hálfu Þjóðskjalasafns skv. samkomulagi við hann og rekstrarfélagið.

Ákv. að funda aftur í júlí á bilinu 13. - 15. júlí. Þá leggur EG fram yfirlit um fjárhag verkefnisins.

eg/27.05.08

Fylgiskjal nr. 14

Stöðufundur 4. mars 2009

Tilraunaverkefni menntamálaráðuneytisins um vörsluútgáfu gagna úr málakerfinu GoPro

Tími: Miðvikudagur 4. mars 2009 kl. 15-16.

Staðsetning: Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga (RR)

Viðstaddir: Guðmundur H. Kjærnested og Baldur Már Bragason (RR)
Júlía P. Sighvats og Pétur G. Kristjánsson (ÞÍ)

Efni fundar

Fara yfir stöðuna á tilraunverkefninu hjá menntamálaráðuneytinu sem unnið hefur verið í samstarfi RR og Hugvits. Fundurinn var haldinn hjá RR þar sem tækifæri gafst þá til að sýna aðilum frá ÞÍ virknina sem búið er að byggja inn í GoPro.

1. Staðan í dag

Guðmundur keyrði 1000 mál til að fara í vörsluútgáfu. Um það bil 60 mál keyrðust ekki í gegnum *conversion* þar sem málinu er breytt yfir í .tif skjal. Verið var að keyra mál sem stofnuð hafa verið á árinu 2009. Vandamál hefur verið að keyra út eldri gögn þar sem birtingaform gagnanna hefur breyst frá því þau voru stofnuð. Sem sagt að formið sem notað er til að birta upplýsingar um mál í GoPro hefur þá á ákveðnum tímamarki verið breytt þannig að eldri gögn vísa þá í form sem er ekki lengur til.

Keyrslan sem keyrir málin í gegnum *conversion* stoppar um leið og eitthvað vandamál kemur upp og þá þarf notandinn að smella á hnapp í glugga sem kemur upp. Af þeim villum sem komu upp í fyrrnefndri keyrslu þá var ekki hægt að rekja þær til þess að birtingarformið á gögnin vantaði þar sem að hægt var að opna öll málin án vandkvæða í GoPro. Villuskilaboð gáfu til kynna að reklar væru ekki til staðar til að breyta skjölum sem tilheyrðu viðkomandi máli, yfir í .tif format. Við nánari skoðun á málunum 60 sem voru að skila villu, gat þetta ekki staðist þar sem mál voru með þessa villu sem höfðu engin skjöl.

Eftir að *conversion* á málunum er lokið er keyrð keyrsla til að mynda sjálfa vörsluútgáfuna. Nýjasti pakkinn af vörsluútgáfu var afhentur fyrir um það bil 2 vikum (frá dagsetningu fundar) og eru nokkur smávægileg atriði sem þarf að laga við myndun pakkans, en stórt á litið var hann nokkuð nálægt því að standast kröfur ÞÍ um vörsluútgáfu.

2. Niðurstaða

Það er mat RR að setja skuli stopp við verkefnið og draga lærdóm frá því sem þegar hefur áunnist. Helstu niðurstöður sem tilraunaverkefnið leiddi til eru:

- Skjalavörður mun ekki geta keyrt gögn út í vörsluútgáfu. Ferlið mun krefjast aðkomu rekstraraðila kerfisins.
- Erfitt er að endurheimta eldri gögn úr kerfinu, sem tengjast við birtingarform sem hefur verið breytt. Þessi niðurstaða á við almennt um kerfið, en tengist ekki sérstaklega myndun vörsluútgáfunni. Þetta vandamál leiðir til þess að ekki er hægt að prenta gögnin út í .tif (þar sem ekki er hægt að birta þau).
- Eftir að gögn hafa farið gegnum *conversion* bendir allt til að hægt sé að mynda vörsluútgáfu úr gögnunum á viðunandi hátt.

Sökum vandamálsins við að birta gögn þar sem birtingarformið vantar var rædd sú hugmynd hvort það gæti hentað að gögnin væru sett á endanlegt form við myndun þeirra.

3. Næstu skref

RR vill eins og fyrr segir ljúka verkefninu. Skýrslugerð vegna verkefnisins þarf að klárast um mánaðarmótin mars/apríl. Þeir sem munu koma að skýrslugerðinni eru Júlía og Eiríkur fyrir hönd ÞÍ og Baldur Már fyrir hönd rekstrarfélagsins.

Skýrslugerð mun hefjast 9. Mars.

ÞÍ fékk upplýsingar um þann sem starfað hefur að verkefninu hjá Hugviti. ÞÍ mun fara yfir stöðuna og setja sig í samband við Hugvit ef þörf þykir.

Júlía P. Sighvats vann samantekt fundar.

Fylgiskjal nr. 15

Yfirlit yfir fundi vegna tilraunaverkefnis Þjóðskjalasafns og menntamálaráðuneytisins

14. apríl 2005: Verkefnið kynnt. Rætt um hugsanlegan tímaramma.

Þ.Í.: Baldur Már Bragason, Eiríkur G. Guðmundsson

MRN: Ásgerður Kjartansdóttir

Rekstrarfélag: Guðmundur Kjærnested

28. apríl 2005 : Tillaga að verkþáttum lögð fram. Skráningareyðublað í útfyllingu hjá MRN.

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur, Pétur G. Kristjánsson, Kristjana Kristinsdóttir.

MRN: Ásgerður Kjartansdóttir

7. júní 2005 : Fjallað um eyðublað til skráningar skjalavörslukerfa.

Þ.Í.: Baldur.

MRN: Ásgerður Kjartansdóttir, Guðrún Erlendsdóttir, Rut Jónsdóttir.

15. júní 2005: Verkefnið kynnt fyrir Hugvit.

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur.

MRN: Ásgerður

Rekstrarfélag: Guðmundur

Hugvit: Friðrik G. Guðnason

23. júní 2005: Kynning á afhendingarreglum

Þ.Í.: Baldur

Hugvit: Friðrik

3. október 2005: Rætt um vinnureglur MRN, t.d. hvað varðar skönnun.

Þ.Í.: Baldur, Pétur.

MRN: Ásgerður.

11. nóvember 2005: Afhendingarferli rætt, sér í lagi aðkoma Hugvits.

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur, Pétur.

MRN: Ásgerður

Rekstrarfélag: Guðmundur.

16. nóvember 2005: Rætt um tengingu verkefnisins við endurbætur á Geymsluskrá (e-box)

Þ.Í.: Baldur.

MRN: Ásgerður

Rekstrarfélag: Guðmundur

Hugvit: Friðrik

9. desember 2005: Farið yfir skiptingu afhendingar í verkþætti skv. hugmyndum Friðriks og fyrstu hugmyndir um vörpun gagna yfir á venslað töfluform.

Þ.Í.: Baldur, Pétur

Hugvit: Friðrik

12. desember 2005: Verklag yfirfarið og rætt um hvaða upplýsingar um skjöl þurfa að fylgja afhendingu. Næsti fundur 15. des.

Þátttakendur

Þ.Í.: Baldur.

MRN: Ásgerður

Rekstrarfélag: Guðmundur
Hugvit: Friðrik
Forsætisráðuneyti: Edda Rúna Karlsdóttir

25. mars 2006: Fundur með MRN um tilraunaverkefnið. Hvernig á að taka upp þráðinn og farið yfir kostnað og skiptingu hans. Rætt um að fá aukafjárveitingu.

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur
MRN: Ásgerður
Rekstrarfélag: Guðmundur

19. júní 2006: Fundur um verkefnalýsingu frá Hugviti. Farið yfir stöðuna frá mörgum sjónarhornum. Fá nánari sundurgreiningu á verkum og kostnaði.

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur
Rekstrarfélag: Guðmundur

7. júlí 2006: Fundur með MNR og Rekstrarfélagi og farið yfir verkáætlun

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur
MRN: Ásgerður
Rekstrarfélag: Guðmundur

5. desember 2006. Fundur með Hugvit. Farið yfir hvernig stöðu verkefnisins er háttáð miðað við verkáætlun frá júlímánuði.

Þ.Í.: Baldur, Bjarni, Eiríkur
Rekstrarfélag: Guðmundur
Hugvit: Sveinn Hannesson, Árni Þór

27. maí 2008: Fundur í MRN um stöðu verkefnisins.

Þ.Í.: Baldur, Eiríkur
MRN: Ásgerður
Rekstrarfélag: Guðmundur

15. júlí 2008: Fundur í ÞÍ um tilraunaverkefnið. Farið yfir stöðuna með nýjum starfsmanni Rekstrarfélagsins (fyrrum starfsmaður ÞÍ) um verklok.

Þ.Í.: Eiríkur
Rekstrarfélag: Baldur

27. nóvember 2008: Fundur í Þjóðskjalasafni um tilraunaverkefnið.

Þ.Í.: Bjarni, Eiríkur
MRN: Ásgerður
Rekstrarfélag: Baldur, Guðmundur

26. janúar 2009: Yfirferð á útistandandi verkefnum með nýjum starfsmanni ÞÍ.

Þ.Í.: Eiríkur, Pétur, Júlía
Rekstrarfélag: Baldur

4. mars 2009: Fundur með rekstrarfélaginu um stöðuna á verkefninu. Búið er að ná út vörsluútgáfu af fáum völdum málum. Helsta niðurstaða fundarins að skynsamlegt væri að loka verkefninu eins og það er núna.

Þ.Í.: Júlía, Pétur
Rekstrarfélag: Baldur, Guðmundur

Fylgiskjal nr. 16

Tilkynning um rafrænt mála- og skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytisins ásamt athugasemdum um tilkynningareyðublað

Eyðublað til að tilkynna rafræn dagbókarkerfi og rafræn mála- og skjalavörslukerfi (RMS)

Sniðið

Sniðið

Samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns Íslands um rafræna skjalavörslu frá 1. mm 2006 þarf stofnun/ embætti að tilkynna og fá samþykkt kerfi til rafrænnar skjalavörslu.

Nota skal eitt eyðublað fyrir hvert rafrænt skjalavörslukerfi sem opinber stofnun eða embætti tekur í notkun og tilkynnir. Tilkynningin á að berast Þjóðskjalasafni 3 mánuðum áður en ráðgert er að taka kerfið í notkun.

Heimilisfangið er:

Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík

Nafn og heimilisfang stofnunar eða embættis sem tilkynnir kerfið:

Sniðið

Sniðið

Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Nafn, símanúmer og tölvupóstfang þess starfsmanns sem tilkynnir og veitt getur nánari upplýsingar:

Sniðið

Sniðið

Ásgerður Kjartansdóttir, deildarstjóri skjala- og bókasafns
sími 5459500
asgerdur.kjartansdottir@mrn.stjr.is

Dagsetning: 21.07.2005

Undirritun:

Ásgerður Kjartansdóttir

1. Hverrar gerðar er kerfið? Rafrænt skjalavörslukerfi með vörslu skjala og mála á pappír. <input type="checkbox"/> Rafrænt skjalavörslukerfi með vörslu skjala og mála bæði rafrænt og á pappír. <input checked="" type="checkbox"/> Rafrænt skjalavörslukerfi með rafrænni vörslu mála og skjala. <input type="checkbox"/>
2. Hvenær á að taka kerfið í notkun. Nefnið dagsetningu. 1. janúar 1995
3. Er kerfið notað af öðrum stofnun eða embættum? Já X Nei <input type="checkbox"/> Ef svo er, skráið hér nafn eða nöfn þeirra sem um ræðir: <i>Alh</i>
4. Tekur kerfið til allrar skjalamyndunar stofnunar eða embættis? Já X Nei <input checked="" type="checkbox"/> Ef ekki, skal tilgreina til hvaða sviða/ skjalaflokka kerfið nær: <i>Alh</i> <i>↳ Trúnaðarbrunnur.</i> Hvaða skjalavörslukerfi eru notuð samhliða nýja kerfinu? <i>Þótt heldur ef nýja kerfi eru</i> <i>utan. Sjá fylgiskjal G 7</i> Skiptist hið nýja kerfi á upplýsingum/gögnum við þessi kerfi? Já <input type="checkbox"/> Nei X Ef svo er, á hvern hátt?: Kerfið sækir gögn í önnur kerfi með uppfléttingu <input type="checkbox"/> Kerfið sendir og tekur við gögnum frá öðrum kerfum <input type="checkbox"/> <i>(dynamisk dataudveksling)</i>
5. Á hið nýja kerfi að leysa eldra kerfi af hólmi? Já X Nei <input type="checkbox"/> Ef svo er, hvað heitir kerfið sem leyst er af hólmi?: Menntamálaráðuneytið hóf tölvuskráningu bréfa í febrúar 1992 í kerfi sem nefnt var Skjalavistunarkerfi ráðuneyta (síðar Skjalavistunarkerfi Stjórnarráðsins) og var frá SKÝRR. Í október 1994 hófst tilraunnotkun á Málaskrá frá Hugviti.
6. Hve mörg skjöl er reiknað með að skrá árlega í kerfið? U.þ.b. 21.000 Ef fjöldinn er meiri en 1000, á að fylla út það sem eftir er af þessu eyðublaði annars ekki.

7. Hvenær er áætlað að ljúka fyrsta skjalavörslutímabili?
31.12.2003

8. Er ráðgert að láta skjalavörslutímabil eldra og nýja kerfisins skarast,
þ.e. að nota aðlögunartíma? Já Nei X

Ef svo er, tilgreinið lengd aðlögunartímans:

9. Hvaða skráningarkerfi/-aðferð á að nota?

- a. Bréfalykil X Hjálagt sem viðauki: Er til hjá ÞÍ
b. Kerfisbundna flokkunarlykla Hjálagt sem viðauki: _____

Ef einungis b, hvaða listi yfir flokkunarlykla lýsir öllu sviðinu sem kerfið nær til?

10. Fyrirmæli um notkun kerfisins er hjálagt sem viðauki: _____

Tilgreinið á hvaða síðu fyrirmælin tiltaka eftirfarandi:

- X_ Reglur um myndun mála – *fskj S1, S3, S4*
X_ Reglur um skráningu mála og skjala – *fskj S2-S7, G1, G2, G3, G5, G7, G8, G9*
___ Reglur um endurnýjun upplýsinga um stofnun/embætti, ef margir nota kerfið
X_ Lýsingu á bréfalykli og/eða listum yfir kerfisbundna flokkunarlykla – *fskj G4*
X_ Reglur um notkun bréfalykils og/eða kerfisbundinna flokkunarlykla – *fskj S9*
X_ Reglur um viðhald bréfalykils og/eða kerfisbundinna flokkunarlykla – *fskj G4*
X_ Lýsingar á ferli/ verklagsreglum um vistun mála/ skjala á pappír (kerfi með pappírsvörslu) – *fskj S3, S8*
X_ Lýsingu á skönnunarferli (kerfi með rafræna skjalavörslu) – *fskj G6*
X_ Lýsingu á ferlum við skráningu og vistun skjala sem ekki eru skönnuð eða eru skönnuð að hluta (kerfi með rafræna skjalavörslu) – *fskj G6*
___ Lýsingu á þeim skjalasniðum sem vistuð eru í kerfinu (kerfi með rafræna skjalavörslu)
___ Lýsingu á ferlum til að breyta vistuðum skjalasniðum, þar á meðal lýsing á ferli við að breyta milliliðalaust /beint yfir í skjalasnið vörsluútgáfunnar. En slíkt er nauðsynlegt til að tryggja varðveislu gagnanna.

Spurningum 11-12 á einungis að svara fyrir kerfi þar sem mál og skjöl eru vistuð á pappír.

11. Tilgreinið hvaða málaflokkar í bréfalykli eða hvaða flokkunarlyklar lýsa innra skipulagi stofnunar/embættis:

12. Ráðgerir stofnunin/ embættið við upphaf nýs skjalavörslutímabils að færa safnmál („eilífaðarmál“) frá fyrra tímabili yfir á það nýja? Já Nei

Ef svo er, tilgreinið málaflokkana:

Spurning 13 á einungis við kerfi sem er bæði með rafræna skjalavörslu og pappírsvörslu.

13. Til hvaða sviða/ skjalaflokka tekur rafræna skjalavarslan?

Til allra skjalaflokka ? sbr G7 = 12.1

Lýsing sviða/ skjalaflokka:

Hvenær hefst rafræn skjalavarsla?
Skráið dagsetningu

01.01.1995

Tæknilegar upplýsingar	
14. Nafn kerfisframleiðanda (þess sem afhendir kerfið tilbúið til notkunar):	
Hugvit	
15. Nafn kerfis og útgáfa:	
GoPro / Málaskrá	
16. Tæknilegar upplýsingar eru meðfylgjandi og innihalda:	
Upplýsingar um skipulag kerfisins:	
<input type="checkbox"/> Einindavenslarit þar sem tilgreindir eru lykjar ásamt tenglum milli taflanna.	Viðauki: _____
<input type="checkbox"/> Lýsingar á töflum þar sem fram kemur nafn og hlutverk hvernar töflu. Þar komi fram hvaða tafla geymi bréfalykil eða flokkunarlykla og hverjar þeirra innihalda upplýsingar um mál og skjöl.	Viðauki: _____
<input type="checkbox"/> Lýsingar á svæðum (dálkum) með nafni og innihaldi, þar á meðal aðal- og aukalyklar, lengd svæða, gagntegund, ásamt upplýsingum um hvort skráning í svæðið er þvinguð, valfrjáls eða sjálfvirk.	Viðauki: _____
Upplýsingar um rafrænt vistuð skjöl:	
<input type="checkbox"/> Lýsing á þeim skjalasniðum sem vistuð eru í kerfinu	Viðauki: _____

Fylgiskjal nr. 17
Stöðuskýrsla frá ágúst 2007

Stöðuskýrsla (HIGHLIGHT REPORT)

**Heiti verkefnis**

Vörsluútgáfa skjalavörslukerfis MRN

Útgáfa

Lokagerð

Dags.: 27.08.2007

Höfundur:Verkefnisstjóri/Tengiliður
Eiríkur G. Guðmundsson/ Baldur Már Bragason**Eigandi:**

Þjóðskjalasafn Íslands og samstarfsaðilar

Viðskiptavinur/notandi:

Þjóðskjalasafn Íslands. Stjórnarráðið. Stofnanir ríkisins.

Samstarfsaðilar:

Menntamálaráðuneyti / Hugvit

Tilgangur skjals (Purpose)

Tilgangur þessa skjals að taka út stöðu verkefnis með reglulegu millibili, t.d. árlega. Fá þarf fram stöðu og samanburð við áætlanir ásamt uppfærðri áætlun. Einnig er verið að kanna hvort einhver vandamál hafi komið upp eða hvort áhættuþættir hafi breyst.

Verkefnið

Tilgangur Purpose

Langtíma varðveisla rafræna skjalavörslukerfa.

Markmið Objectives

1. Að taka út skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi MRN með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtímavörslu rafræna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.
Að búa til skilahæfa útgáfu á skjölum úr skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi Menntamálaráðuneytis. Slík vörsluútgáfa yrði byggð á reglum danska ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota og þýða.
Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending/móttaka vörsluútgáfu rafræna skjalavörslukerfa/skjalastjórnarkerfa krefst og býður upp á.
Menntamálaráðuneytið hefur í rúmlega 10 ár skráð, samið og skannað inn skjöl í rafrænu skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi. Því er vænlegt að vinna með því embætti að rafrænum skilum.
 2. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
 3. Að meta hvaða ný verkefni/verkhættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu/skjalastjórn og skjalaskil.
-

Stutt lýsing Description

Úttekt á skjalastjórnunarkerfinu GoPRO hjá MRN og notkun þess. Gerð vörsluútgáfu gagnanna í kerfinu.

Tímabil sem fjallað er um Period covered

2006

Fjárhagsleg afkoma frá upphafi

Upphaflega áætlaður heildarkostnaður	kr. 2.500.000
Raunkostnaður (líklegur m.v. nýjar áætlanir)	kr. 7.244.719
Fjármagn af lið 996 (Nýtt fé + mótframlag)	
Viðbótarframlag Rekstarfélags stjórnarráðsins	Kr. 500.000
Viðbótarframlag Þjóðskjalasafns Íslands	Kr. 500.000
Viðbótar framlag MRN	Kr. 2.500.000
Flutt af verkefni RSK	Kr. 1.110.215

Þetta tímabil (This period)

Staða tímaáætlunar
Schedule status

18 mánuðum á eftir upphaflegri áætlun.

Afurðum sem er lokið
Products completed

Úttekt á skjalastjórnarkerfi MRN og notkun þess.
Áætlun um gerð vörsluútgáfu.

Afurðum sem er ólokið
Products not completed

Forritapakki í GoPRO
Vörsluútgáfa af gögnum kerfisins.
Skýrsla.

Kynning á verkefninu

Verkefnið hefur ekki verið kynnt sérstaklega fyrir utan að þess er getið þegar starfsemi Þjóðskjalasafns er kynnt.

Raunveruleg eða möguleg vandamál
Actual or potential problems

Verkefnið er dýrara en styrkurinn leyfir. Forritunarvinna Hugvits reynist mun meiri en ráð var fyrir gert en er óhjákvæmileg.

Endurskoðuð áhætta
Risk update

Næsta tímabil (Next period): 2007-2008

Afurðum sem á að ljúka

Products to be completed

Til þess að búa til vörsluútgáfu með gögnum úr skjalastjórnunarkerfi MRN þarf að hanna og forrita viðbót við skjalastjórnunarkerfið GoPRO. Gerð þessarar viðbótar er í höndum Hugvits og á að ljúka árið 2007.

Staða verkefnis-atriða

Project Issue status

Úttekt á skjalastjórnarkerfi MRN: Lokið
Hönnun og forritun í GOPRO; Í vinnslu
Vörsluútgáfa gagna: Ólokið.

Ástand þolmarka

Tolerance situation

Bæði Menntamálaráðuneytið og Þjóðskjalasafnið hafa sett aukið fé í þetta verkefni og mun verkið haldast innan hinna nýjum fjárhagslegu marka. Verkefninu mun hins vegar ekki ljúka á áætluðum tíma, en það mun ekki draga úr notagildi þess.

Breytingar sem hafa áhrif á fjárhags-áætlun eða tímaáætlun

Impact on budget and schedule

Ekki er búist við breytingum sem hafa frekari áhrif á fjárhagsáætlun.